



Lestur unga fólksins

Þáttur sem þarf að vaxa og dafna

Heiða Rúnarsdóttir

**Lokaverkefni til MLIS-gráðu í
bókasafns- og upplýsingafræði**

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Lestur unga fólksins
Þáttur sem þarf að vaxa og dafna

Heiða Rúnarsdóttir

Lokaverkefni til MLIS-gráðu í bókasafns- og upplýsingafræði

Leiðbeinandi: Dr. Ágústa Pálsdóttir

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Október 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MLIS-gráðu í bókasafns- og upplýsingafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Heiða Rúnarsdóttir 2011

Reykjavík, Ísland 2011

Útdráttur

Markmið rannsóknarinnar er að fræðast um lestrarvenjur ungs fólks og athuga hvað hefur áhrif á lestur og lýsa atriðum sem hvetja ungt fólk til að lesa. Rannsóknin var unnin með eigindlegri aðferð. Opin viðtöl voru tekin við 21 einstakling: sex 12 ára nemendur, fimm foreldra, þrjú íslenskukennara og sjö bókasafns- og upplýsingafræðinga, fimm unnu á skólasöfnum og tveir á almenningssöfnum. Gögn voru kóðuð og flokkuð í meginþemu. Helstu niðurstöður benda til að ærin ástæða sé til að vinna að lestrarhvatningu. Ungt fólk virðist lesa sára lítið og þörf á að kenna því að njóta lestur. Það virðist eiga erfitt með að velja sér lesefni og mikilvægt er að efla umræðu um bækur til að hvetja ungt fólk til frekari lesturs. Svo virðist sem bækurnar sem ungt fólk les séu flestar frá heimilum og skólasöfnum en það komi síður við á almenningssöfnum. Það þarf að vinna að því að gera lestur áhugaverðan í augum ungs fólks. Annars er hætta á að lestur einskorðist aðeins við skólabækur.

Abstract

The objective of this study is to gather knowledge about young people's reading habits, discover what motivates them to read and collect ideas about assignments which promote reading. The study used a qualitative method. In-depth interviews were taken with 21 individuals: six 12 years old pupils, five parents, three teachers and seven librarians, five of them worked at schools libraries and two at public libraries. The data was coded, classified in main themes and analysed. The main results indicate that there is a good reason to promote reading. It appears that young people read very little and that they need to be taught to enjoy reading. It looks as if they often don't know what they like to read and discussions about books need to be enhanced to support reading. It appears that the books that young people read are usually from their homes and their school libraries and that they rarely visit public libraries. Reading must be approved as an entertainment among young people. If nothing is done they just seem to read their schoolbooks.

Formáli

Ritgerðin, Lestur unga fólksins - þáttur sem þarf að vaxa og dafna, er lögð fram til fullnustu MLIS gráðu í bókasafns- og upplýsingafræði við Félags- og mannvísindadeild, Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands. Ritgerðin skiptist í fræðilegan hluta og rannsóknarverkefni. Hún er metin til 30 ECTS eininga.

Leiðbeinandi við rannsóknarvinnu og ritgerðarsmíð var dr. Ágústa Pálsdóttir prófessor við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Ég vil þakka henni góð ráð og ánægjulegt samstarf. Einnig vil ég þakka viðmælendum mínum fyrir ómetanlegt framlag. Þeir miðluðu mér af visku sinni og reynslu þannig að úr varð gagnasafn sem ég hef notið að vinna úr.

Efnisyfirlit	
1. Inngangur	8
2. Að lesa.....	11
2.1 Læsi	11
2.2 Lestrarþróun	12
2.3 Lestrarlöngun	13
2.4 Kynjamunur	14
2.5 Samantekt.....	16
3. Lesefni.....	17
3.1 Bækur	17
3.2 Dagblöð.....	18
3.3 Sjónvarp og kvikmyndir.....	19
3.4 Tölvur.....	19
3.5 Samantekt.....	20
4. Áhrifavaldar á lestrarvenjur	21
4.1 Fjölskylda, félagar og lesandinn	21
4.2 Skólastarf og skólasöfn	22
4.3 Bókmenntamenning og almenningsöfn	24
4.4 Samantekt.....	26
5. Lestrarhvatning	27
5.1 Undirstöður lestrarhvatningar	27
5.2 Lestrarhvetjandi verkefni	28
5.2.1 Lestrarvinir og Víxllestur.....	29
5.2.2 Lestrarrall	29
5.2.3 Bókakvöld	30
5.2.4 Bókaormar á Internetinu	30
5.2.5 Stóra og Litla upplestrarkeppnin.....	30
5.2.6 Yndislestur – bók er vina best.....	31
5.2.7 Bókabingó	31
5.3 Mat á árangri lestrarhvatningarverkefna	32
5.4 Samantekt.....	33
6. Framkvæmd rannsóknar.....	34
6.1 Markmið og rannsóknarspurningar	34
6.2 Undirbúningur rannsóknar	34
6.3 Rannsóknaraðferð	35
6.3.1 Þátttakendur.....	35
6.3.2 Skipulag viðtala.....	36

6.3.3 Umfang og úrvinnsla gagna	38
7. Niðurstöður	40
7.1 Lestur 10-15 ára nemenda.....	40
7.1.1 Tilgangur með lestri	40
7.1.2 Lestur í frístundum.....	41
7.1.3 Lesefni.....	42
7.1.4 Nálgun lesefnis.....	44
7.1.5 Samantekt.....	44
7.2 Þættir sem hafa áhrif á lestrarhegðun.....	45
7.2.1 Lestrarnám.....	45
7.2.2 Aðgangur að bókum.....	47
7.2.3 Viðhorf félaga og fjölskyldu	49
7.2.4 Hraði og togstreita.....	51
7.2.5 Samantekt.....	52
7.3 Margar myndir lestrarhvatningar	53
7.3.1 Fyrirmyndir	53
7.3.2 Kynning á lesefni	54
7.3.3 Stýrt bókval	56
7.3.4 Reglulegar lestrarstundir	57
7.3.5 Lestraráttök.....	57
7.3.6 Skráning	59
7.3.7 Menning og miðlar.....	60
7.3.8 Lestrarhvetjandi viðburðir á landsvísu.....	60
7.3.9 Styrkur í samstarfi stofnana og upplýsingaflæði.....	61
7.3.10 Samantekt.....	62
8. Rannsóknarniðurstöður í fræðilegu samhengi og ályktanir	64
8.1 Lestrarhegðun 10-15 ára nemenda	64
8.2 Þættir sem hafa áhrif á lestrarhegðun nemenda	66
8.3 Leiðir til læsis.....	69
9. Lokaorð	74
Heimildaskrá	75

Myndaskrá

Mynd 1 Lesskilningur PISA 2000	15
Mynd 2 Kynjamunur í lesskilningi í PISA 2000 til 2009	15

Töfluskrá

Tafla 1 Aldur - bekkur - skólastig	10
--	----

1. Inngangur

Ritgerðin, Lestur unga fólksins - þáttur sem þarf að vaxa og dafna, fjallar um lestur 10-15 ára nemenda. Fyrstu skólaárin er mikil áhersla lögð á lestrarkennslu. Stórum áfanga er náð þegar nemendur ná tókum á lestrartækninni. Annar áfangi sem reynist mörgum erfiðari er að læra að njóta lesturs. Í starfi mínu sem grunnskólakennari síðustu 20 árin hef ég orðið þess áskynja að áhugi nemenda á lestri er oft takmarkaður og þeir lesa lítið. Vegna reynslu minnar af lestrarvenjum ungs fólks langaði mig að fræðast frekar um þær. Tækifærið kom í framhaldsnámi í bókasafns- og upplýsingafræði þegar ég átti kost á að vinna þetta heimilda- og rannsóknarverkefni. Ég ákvað að leita eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

- Hvernig eru lestrarvenjur 10-15 ára nemenda?
- Hvað getur haft áhrif á lestrarhegðun nemenda?
- Hvernig er hægt að hvetja ungt fólk til að lesa?

Markmið rannsóknarinnar er að fræðast um lestrarvenjur ungs fólks og athuga hvað hefur áhrif á lestur og lýsa atriðum sem hvetja ungt fólk til að lesa.

Umfjöllunin skiptist í tvo meginhluta. Fræðilega umfjöllun og rannsóknarniðurstöður sem dregnar eru af eigindlegri rannsókn (e. qualitative research methods). Í fræðilega hlutanum verða hugtök sem tengjast lestri skilgreind. Rannsóknir á lestrarhegðun ungs fólks verða skoðaðar og kannað hvaða þættir hafa áhrif á þær. Sjónum verður að lokum beint að atriðum sem efla lestur ungs fólks. Í rannsóknarhlutanum verður ljósi varpað á aðferðarfræði rannsóknarinnar. Fjallað verður um markmið hennar og rannsóknarspurningar. Framkvæmd rannsóknarinnar og umfangi verður lýst. Niðurstöður rannsóknarinnar verða lagðar fram. Að lokum verða niðurstöður rannsóknarinnar settar í samhengi við fræðilega umfjöllun og dregnar ályktanir.

Augum er beint að lestrarhegðun 10-15 ára einstaklinga sem eru í grunnskóla. Í umfjölluninni er vísað til bekkja og talað um mismunandi skólastig sem tengjast aldri nemenda. Til að auðvelda lesanda að átta sig á þeirri tengingu getur hann stuðst við töflu 1, Aldur - bekkur - skólastig.

Tafla 1 Aldur - bekkur - skólastig

Aldur, ár	bekkur	skólastig
6	1.	yngsta stig
7	2.	
8	3.	
9	4.	
10	5.	miðstig
11	6.	
12	7.	
13	8.	unglingastig
14	9.	
15	10.	

2. Að lesa

Í eftirfarandi kafla verður skilgreint hvað felst í hugtakinu læsi og stöðu kennara til þess að meta og efla læsi. Farið verður yfir þróun lestarnáms í tengslum við aldur og ástundun nemenda. Rýnt verður í niðurstöður nokkurra rannsókna um lestur ungs fólks. Fjallað verður um lestrarlöngun nemenda í tengslum við áherslur í skólastarfi, aldur og gengi þeirra í lestrarnámi. Að lokum verður athyglinni beint að mismunandi lestrarhegðun kynjanna. Ekki verður komist hjá því að fjalla um lestur án þess að huga að lesefni. Vegna þess hve umfjöllun um lesefni var viðamikil fór betur á að fjalla um það sérstaklega í 3. kafla.

2.1 Læsi

Lestur er ferli sem verður til milli texta og lesanda „Lesandi leitast við að greina merkingu texta með því að nota málið, þekkingu sína og reynslu.“ (Guðmundur B. Kristmundsson, 2009, s. 149). Ritun tengist lestri og hæfileiki í ritun eykst í samræmi við lestrarfærni. Guðmundur B. Kristmundsson (2009) segir að jafnan sé rætt um lestur og ritun sem tvær meginstöðir læsis (s. 150). Í fyrstu alþjóðlegu lestrarrannsókninni sem Ísland tók þátt í árið 1991 var læsi skilgreint sem hæfni eða kunnátta til að skilja og nýta sér ýmsar myndir ritaðs máls sem þjóðfélagið krefðist að fólk hefði vald á eða kysi sjálft að nota. Læsi var metið með áherslu á lestrarhraða og framsögn. Gjarnan var haldið í skilgreininguna að sá væri læs sem gæti lesið sæmilega upphátt (Sigríður Þ. Valgeirsdóttir, 1993, s. 3). Mat á læsi hefur smám saman orðið ítarlegra. Kennarar sem mátu stöðu í lestrarkennslu árið 2008 voru sammála um að ekki væri fullnægjandi að lesa texta áheyrilega ef skilningur á efni hans væri takmarkaður (Auður Magndís Leiknisdóttir, Hrefna Guðmundsdóttir, Ágústa Edda Björnsdóttir, Heidiur Hrunn Jónsdóttir og Friðrik H. Jónsson, 2009, s. 9). Í aðalnámskrá grunnskóla hafa markmið læsis verið endurskilgreind:

Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á (Aðalnámskrá grunnskóla, Almennur hluti, 2011, s. 13).

Skilgreiningin er ítarlegri og viðameiri en áður. Einstaklingurinn þarf ekki aðeins að lesa og skilja. Hann á einnig að ráða við að skapa, túlka og miðla upplýsingum um innihald textans.

Góður lesskilningur er grundvöllur þess að njóta lesturs. Hann byggir á hraða og sjálfvirkni við að lesa úr ritmáli og krefst hugsunar þar sem lesandi ber innihald textans saman við eigin reynslu og öðlast skilning (Rósa Eggertsdóttir 2007, s.18). Kennarar eiga erfitt með að meta læsi með tilliti til lesskilnings því þá hefur skort próf til þess. Guðmundur Kristmundsson (2009) telur nauðsynlegt að bæta úr því. Lesskilningspróf dugi þó skammt ef þekking á lestrarkennslu á mið- og unglingastigi er í molum (s. 151). Einungis kennarar sem eru á kjörsviði yngri barna hafa fengið markvissa kennslu í lestrarnámi síðustu árin (Auður Magnús Leiknisdóttir, o.fl., 2009, s. 17). Áhersla á málfræðikennslu á mið- og unglingastigi er á kostnað lesturs. Það er einnig erfitt fyrir kennara að nálgast námsgögn sem styðja lestrarkennslu og þjálfun lesskilnings (Auður Magnús Leiknisdóttir, o.fl., 2009, s. 13). Það þarf að efla lestrarkennslu á mið- og unglingastigi. Katrín Jakobsdóttir (2010) leggur áherslu á að hlúa að lestri á öllum stigum grunnskólans og segir læsi skilgreint sem einn af fimm grunnþáttum menntunar í nýrri aðalnámskrá.

2.2 Lestrarþróun

Lestur er ferli sem þróast frá bernsku fram á fullorðinsár. Þóra Kristinsdóttir (2000) skiptir lestrarþróuninni í fimm stig. Einstaklingar fara mishratt í gegnum ferlið. Líffræðilegir og tilfinningalegir þættir eins og heyrn, einbeiting, athygli, sjálfsmynd, vitsmunapróski, málþróski og áhugi hafa áhrif. Auk þess ráða umhverfis- og félagslegar aðstæður miklu.

Fyrsta stigið er undirbúningsstig og tilheyrir undanfara lesturs, þá áttar barnið sig á að munur er á tal- og ritmáli. Það uppgötvar að ritmálið hefur ákveðna merkingu og tilgang. Flest leikskólabörn ná þessu stigi. Annað stigið tengist lestrarbyrjun. Barnið lærir að þekkja merkingu einstakra ritaðra orða og gerir sér grein fyrir að hver bókstafur stendur fyrir ákveðið hljóð. Flestir ná þessu stigi í 1. og 2. bekk. Á þriðja stigi öðlast barnið lesleikni, lesturinn verður nánast sjálfvirkur. Yfirleitt ná börn lesleiknistigi í 2.-4. bekk. Lesefnið þarf að hæfa getu. Of þungur eða léttur texti getur dregið úr lestraráhuga og orsakað stöðnun. Lestrarþróunin krefst mikillar þjálfunar. Kennarar og aðstandendur barna þurfa að

gæta þess að framboð lesefnis sé fjölbreytt svo hvert og eitt barn geti fundið áhugavert lesefni og þróað með sér jákvætt viðhorf til lesturs. Á fjórða stigi nær barnið tökum á undirstöðulestri. Það les með mismunandi tilgang í huga. Orðaforði eflist og barnið nær að skilja stöðugt flóknara lesefni. Algengt er að börn í 4.-6. bekk nái tökum á undirstöðulestri. Þóra Kristinsdóttir telur að hætta á afturför sé lítil eftir að undirstöðulestri er náð. Barnið er orðið „stafrænt“ læst og fært um að lesa sér til gagns í daglegu lífi. Fimmta og síðasta stigið er fágunarstig. Margir ná því í 7.-8. bekk og „fága“ lesturinn síðan áfram ævilangt. Þá getur barnið tekist á við sértækt lesefni og tæknilegar upplýsingar og nýtt lestur til þroska og ánægju (s. 186-189).

2.3 Lestrarlöngun

Lestrarþróun byggir á þjálfun. Á yngsta stigi grunnskólans er kapp lagt í lestrarkennslu. Lestrarnám breytist á miðstigi. Áherslur færast frá því að „læra að lesa“ yfir í að „lesa til að læra“ (Irvin, 1998, s. 50). Lestur námsbóka skyggir á sjálfstæðan lestur. Lestraráhugi minnkar á mið- og unglingsstigi í kjölfar ómarkvissrar lestrarkennslu (Auður Magndís Leiknisdóttir o.fl., 2009, s. 13).


Slæm staða í lestri var til umfjöllunar í lestrarskýrslu PISA (Programme for International Student Assessment), alþjóðlegri rannsókn sem gerð var á hæfni og getu 15 ára nemenda í lestri, náttúrufræði, stærðfræði og þrautalausnum. Þar kom fram að 21% íslenskra unglinga fannst tímasóun að lesa og áttu erfitt með að klára bók, úthaldið var takmarkað þar sem 24% sögðust ekki geta lesið meira en nokkrar mínútur í senn. Þeir sem höfðu ekki gaman af lestri voru 30%. Margir (38%) nýttu bóklestur aðeins við upplýsingaleit og aðeins 10% las eina klukkustund eða meira á dag (Almar M. Halldórsson, 2006, s. 12, 25). PIRLS (Progress in International Reading Literacy Study), alþjóðlega lestrarrannsóknin, kannaði lesleikni 10 ára nemenda. Þar kom fram að 7% höfðu neikvætt viðhorf til lesturs (Brynhildur Scheving Thorsteinsson og Júlíus K. Björnsson, 2007, s. 55). Þegar niðurstöður PISA og PIRLS eru bornar saman renna upp napurlegar staðreyndir. Á aldursbilinu 10-15 ára meira en fjórfaldast fjöldi barna sem hefur ekki gaman af lestri. Lestraránægja og lestur bíður hnekki á umræddu aldursbili. Rannsóknir hafa staðfest að yngri börn lesa frekar bækur sér til ánægju en eldri (Auður Magndís Leiknisdóttir o.fl., 2009, s. 81; Sigrún Klara Hannesdóttir, 1998, s. 25; Þorbjörn Broddason, Kjartan Ólafsson og Sólveig Margrét Karlsdóttir,

2009, s. 58). Þarft er að finna skýringar á því hvers vegna lestur og lestraránægja dregst saman með hækkandi aldri og bregðast við svo þróuninni verði snúið við.

Almar M. Halldórsson (2006) segir PISA rannsóknarniðurstöður sýna að því meira sem nemendur njóti þess að lesa því meira lesi þeir og eigi betur með að skilja ritað mál (s. 24). Nemendur með lestrarerfiðleika hafa flestir lítinn áhuga á lestri og forðast hann. Guðrún Sigursteinsdóttir (2009) segir að bilið breikki á milli þeirra sem eigi í lestrarerfiðleikum og hinna vel læsu. Þessi þróun kallast Matteusaráhrif (e. Matthew effects). Börn sem lesa mikið auka orðaforða sinn og lesskilning þannig að hægt er að segja að „ríkir verða ríkari“. Á móti lesa börn sem hafa lítinn áhuga minna og orðaforði þeirra þróast ekki í samræmi við aldur „þeir fátæku verða fátækari“ (s. 4). PIRLS og PISA rannsóknir hafa sýnt að ánægja af lestri, jákvætt viðhorf, áhugi og tími sem fer í daglegan lestur hefur sterk jákvæð tengsl á lesskilning (Almar M. Halldórsson, 2006, s. 22; Brynhildur Scheving Thorsteinsson og Júlíus K. Björnsson, 2007, s. 54). Lestrarlöngun hefur afgerandi áhrif á læsi. Það þarf að hlúa að henni svo hún fjari ekki út hjá nemendum á mið- og unglingastigi og þeim sem eiga í lestrarerfiðleikum.


2.4 Kynjamunur

Rannsókn Guðnýjar Guðbjörnsdóttur (2006) á nemendum í 10. bekk í tveimur skólum í Reykjavík sýndi að helmingi fleiri stelpur en strákar völdu lestur í tómstundum (s. 66). Viðamiklar rannsóknir Þorbjörns Broddasonar, Börn og sjónvarp á Íslandi, staðfestu að lestrarhegðun 10-15 ára barna var misjöfn eftir kyni. Í sjö athugunum sem spönnuðu 41 ár kom ætíð fram að stúlkur lásu meira en drengir (Þorbjörn Broddason, o.fl., 2009, s. 258). Þegar PISA rannsóknir beindust sérstaklega að lestri árið 2000 kom í ljós áberandi kynbundinn munur á getu 15 ára nemenda. Niðurstöður staðfestu að stúlkur voru betri í lesskilningi en drengir. Mynd 1 sýnir röðun nemenda í hæfnisþrep í lesskilningi. Meiri kröfur voru gerðar til skilnings eftir því sem sem númer hæfnisþrepa hækkaði, raðað frá 0-5. „Það er marktækur kynjamunur í öllum hæfnisþrepum með fleiri drengi í neðri hæfnisþrepum, 0-2, og fleiri stúlkur í efri hæfnisþrepum, 3-5.“ (Ragnar F. Ólafsson, Almar M. Halldórsson, Sigurgrímur Skúlason og Júlíus K. Björnsson, 2007, s. 26). Betri árangur stúlkna í lesskilningi bar vott um að þær lásu frekar en drengir (Almar M. Halldórsson, 2006, s. 25).



Mynd 1 Lesskilningur PISA 2000 (Ragnar F. Ólafsson, o.fl., 2007, s. 25).

Í nýjstu PISA rannsókninni sem framkvæmd var 2009 var aftur lögð áhersla á að skoða lestur. Mynd 2 sýnir að lesskilningur hefur aðeins skánað frá 2006 en enn er mikill munur á kynjunum, drengjum í óhag (Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson, Óskar F. Níelsson og Júlíus K. Björnsson, 2010, s. 33). Kynjamunur í lesskilningi var ekki aðeins bundinn við Ísland heldur kom það fram hjá öllum 65 þátttökuríkjunum að stúlkur voru betri en drengir (Almar M. Halldórsson, o.fl., 2010, s. 36). Kennarar verða varir við þennan kynjamun og telja skýringuna vera að slakara aðhald sé með námi drengja bæði heima og í skólum (Auður Magnús Leiknisdóttir o.fl., 2009, s. 12



Mynd 2 Kynjamunur í lesskilningi í PISA 2000 til 2009 (Almar M. Halldórsson, o.fl., 2010, s. 34).

Forvitnilegt væri að skoða hvað veldur kynbundnum mun á lestrargetu og finna leiðir til að efla lestur drengja þannig að árangur þeirra jafnist á við getu stúlkna. Önnur skýring á kynjamun i lestri er að lestrarhvatning virðist oftar vera í höndum

kvenna. Í skólakerfinu eru fleiri konur en karlar í stöðum kennara og forstöðumanna skólasafna. Rannsóknir hafa leitt líkur að því að á heimilum virðast mæður frekar halda utan um lestur barna en feður (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2009, s. 576). Hvort þetta valdi því að strákar lesi síður en stúlkur er ekki víst.

2.5 Samantekt

Færni í lestri og ritun ræður því hvort nemandi telst læs, skilningur á lesefni þarf að vera til staðar og geta til að miðla þekkingu til annarra. Lokastig lestrarþróunar nefnist fágunarstig. Áætlað er að nemendur nái því í 7.-8. bekk. Nauðsynlegur þáttur í lestrarþróun byggir á lestrarþjálfun. Nemendur með jákvætt viðhorf lesa frekar og ná fyrir tókum á lestri en þeir sem glíma við lestrarerfiðleika. Áhugi á lestri er í frjálsum falli á aldursbilinu 10-15 ára. Hópur þeirra sem finnst leiðinlegt að lesa fjórfaldast. Áherslur í skólastarfi breytast upp úr 10 ára aldri, minni tími fer í lestrarnám og lestur beinist að yfirferð námsefnis. Lestur er viðurkenndara áhugamál hjá stúlkum. Drengir lesa minna með þeim afleiðingum að hæfni þeirra til að skilja lesinn texta er slakari. Skýringar á áhugaleysi drengja hafa ekki verið kannaðar til hlítar. Kennarar telja hugsanlegt að slakara aðhald með námi drengja hafi áhrif. Konur sinna einnig lestrarnámi frekar en karlar, heima og í skólum.

3. Lesefni

Lestur hefur dregist mikið saman undanfarna áratugi. Sumir telja þetta ekkert sérstakt áhyggjuefni og halda því fram að lestur ungs fólks hafi aldrei verið meiri en einmitt núna. Þá er vísað til þess að heilmikill lestur eigi sér stað þegar ungt fólk horfir á sjónvarp eða notar tölvur, farsíma eða fleiri nýja miðla (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2006, s. 61; Þorbjörn Broddason, 2005, s. 49). Með vísanir í fjölbreytt lesefni verður bók- og blaðalestri gerð skil og lestur skoðaður í tengslum við áhorf sjónvarps og kvikmynda og við tölvunotkun.

3.1 Bækur

Rannsóknir Þorbjörns Broddasonar (o.fl., 2009) sýna að frístundalestur 10-15 ára barna hefur stöðugt dregist saman frá 1979, þá lásu 26% barna 10 bækur eða fleiri síðustu 30 dagana fyrir rannsókn en 11% kláruðu ekki bók. Lesturinn náði lágmarki 2003, afkastamiklir lesendur töldust til 3% og voru því vandfundnir. Hópurinn sem ekki hafði lesið bók yfir mánuðinn hafði þrefaldast, farið í 33%. Lesturinn jókst örlítið 2009, afkastamiklir lesendur fóru í 4% og þeir sem ekki lásu í 28% (s. 258). Niðurstöður PISA rannsókna þetta ár sýndu einnig merki um aukinn lestur. Árangur íslenskra nemenda komst upp fyrir meðaltal þátttökuríkja. Einungis 10 lönd af 65 stóðu sig marktækt betur (Almar M. Halldórsson, o.fl., 2010, s. 45). Vonir um að lestur sé að aukast glæddust í kjölfarið. Rithöfundurinn Philip Roth er ekki á því og spáir að eftir 25 ár verði lestur skáldsagna iðja lítils hóps áhugamanna. Samanber hóp manna sem lesa ljóð á latínu nú á tímum. Mörgum finnst þetta óþarfleg svartsýni. Samt mætti íhuga hvað tímafrekum lestri líður á öld sem margir kalla „öld hinna eilífu truflana“ (Mangen, 2010, s. 49).

Það hefur ekki aðeins dregið úr lestri í árunna rás heldur minnkar lestur einnig með hækkandi aldri. Árið 2010 sögðust 40% stúlkna og rúmlega 45% drengja í framhaldsskólum ekki lesa aðrar bækur en skólabækur (Hrefna Pálsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, 2011, s. 42-43). Útlán bóka á skólasöfnum dregst saman með hækkandi aldri nemenda. Frá 16,7 bókum á ári á nemanda í 1.-3. bekk

niður í 2,5 bækur á nemanda í 8.-10. bekk (Fræðsluskrifstofa Reykjavíkur, 2000, s. 30). Kennarar finna mun á lestri nemenda í 4. og 10. bekk. Yngri nemendur sækjast eftir að fara á skólasafnið á meðan nemendur í 10. bekk fara sjaldan að eigin hvötum á safnið í leit að lesefni (Auður Magnús Leiknisdóttir, o.fl., 2009, s. 82, 85). Könnun á tómstundastarfi unglunga í 9. og 10. bekk sýndi að 5% fóru á almenningssafn einu sinni í viku eða oftar (Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon, 2006, s. 60). Af komu nemenda á bókasöfn má ráða að lestur bóka dragist saman á miðstigi og sé lítil á unglingastigi. Lestrarþjálfunin afmarkast að mestu við námsbækur hjá stórum hluta ungmenna eins og könnun um lestur framhaldsskólanema ber vitni (Hrefna Pálsdóttir o.fl., 2011).

Nemendur segja að góð bók eigi að vera spennandi og fyndin (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2009, s. 573). Áhrif skóla á bóklestur kom fram í könnun um vinsælustu bækurnar. Þær voru ekki endilega nýjar heldur var þær að finna á leslistum skólanna (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2005, s. 63; Símon Jóh. Ágústsson, 1976, s. 372). Íslenskar barnabækur eru lesnar af yngri nemendum. Þeir eldri lesa frekar spennu- eða fræðslubækur (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2005, s. 9).

3.2 Dagblöð

Lestur dagblaða var viðfangsefni 90%, 10-15 ára barna árið 1979. Stöðugt hefur dregið úr lestrinum, 30 árum síðar var hann kominn niður í 29%. Fækkað hefur í lesendahópunum um liðlega tvo af hverjum þremur. Á móti eru vísbendingar um að ungmenni nýti netmiðla til fréttu- og upplýsingaöflunar (Þorbjörn Broddason o.fl., 2009, s. 260). Nánari umfjöllun um netmiðla er í kafla 3.4. Könnun meðal nemenda í 10. bekk árið 2007 sýndi meiri dagblaðalestur. Þar kom fram að 42% lásu þau (Þóroddur Bjarnason, Birgir Guðmundsson og Kjartan Ólafsson, 2010, s. 8). Því má ætla að dagblöð séu frekar lesin af 15 ára nemendum en þeim yngri.

Það hefur ekki verið mikið skoðað hvað ungt fólk er að lesa í dagblöðunum. Þegar Sigríður Þ. Valgeirsdóttir (1993) kannaði þetta kom í ljós að efni sem 14 ára börn lásu helst voru teiknimyndasögur, umfjöllun um kvikmyndir og sjónvarp, heilsurækt, tómstundir og íþróttafréttir. Þau höfðu síst áhuga á að lesa um viðskipti og fjármál (s. 46).

3.3 Sjónvarp og kvikmyndir

Sjónvarpsnotkun hefur aukist jafnt og þétt. Klukkustundirnar fyrir framan skjáinn telja þegar meta á lestur því mikið efni er textað. Þýðendur vinsælustu þáttanna eru án efa mest lesnu „blekberar“ þjóðarinnar (Þorbjörn Broddason, 2005, s. 51, 54). Tilkoma erlendra stöðva hefur minnkað vægi lesturs af sjónvarpsskjá.

Niðurstöður PISA kannana sýna að á sama tíma og sjónvarpsáhorf eykst hrakar lesskilningi íslenskra barna (Almar M. Halldórsson, 2006). Draga má þá ályktun að skjálestur efli ekki lesskilning á sama hátt og bóklestur. Sigríður Þ. Valgeirsdóttir (1993) segir mikið sjónvarpsáhorf draga úr árangri í lestri (s. 61-62). Sjónvarpstæki eru oftast staðsett í svefnherbergjum drengja og áhugi þeirra á sjónvarpi er meiri en stúlkna. (Þorbjörn Broddason o.fl., 2009, s. 256). Árangur drengja í lestri er slakari samkvæmt umræðu í kafla 2.4.

Með auknu aðgengi að kvikmyndum sækir ungt fólk í þá afþreyingu. Það hefur í för með sér minni lestrarþjálfun. Kvikmyndin er oft tekin fram fyrir bókina. „Æsileg atburðarrás geysist fram með orðaforða sem fróðir menn segja að sé næstum nákvæmlega 2.000 orð, þ.e.a.s. brot af því sem tíðkast í meðalskálðsögu.“ (Heimir Pálsson, 2000, s. 114). Að þessu sögðu er óhætt að álykta að mikið áhorf á sjónvarp og kvikmyndir dragi úr bóklestri.

3.4 Tölvur

Heimilis- eða fartölva var í herbergjum 60% barna á aldrinum 10-15 ára árið 2009. Tölvueign eykst um 40% á aldursbilinu 10-15 ára (Þorbjörn Broddason o.fl., 2009, s. 256-257). Drengir eyða lengri tíma í tölvuleiki en stúlkur (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2006, s.74). Tölvu- og netnotkun fylgir töluverður lestur en hann jafngildir ekki lestri bóka. Einbeiting dreifist á skjá og lyklaborð og dregur úr lestrargetu, skilningi og minni. Handahreyfingar dreifa athyglinni í rafrænum lestri. Lestrarhátturinn sem notaður er við upplýsingaleit er gjörólíkur því að lesa langan samhangandi texta (Mangen, 2010, s.49). Mikið magn upplýsinga flæðir yfir tölvunotendur. „Því meiri sem upplýsingarnar eru, þeim mun nauðsynlegra er að geta lagt á þær gagnrýnið mat.“ (Heimir Pálsson, 2000, s. 113). Kennsla í upplýsingalæsi er lítil og ómarkviss (Auður Magndís Leiknisdóttir o.fl., 2009, s. 79-80). Nemendur þurfa leiðsögn við að meta og vinna úr texta á tölvuskjánum og því ærin ástæða til að efla kennslu í upplýsingalæsi.

Ungmenni eru dugleg að nýta sér netmiðla til fréttá- og upplýsingaöflunar. Ef þau vilja fylgjast með segjast 80% nýta sér Netið. Hlutfallið hrapar niður í 32% þegar spurt er hvort þau nálgist fréttir á Netinu nokkrum sinnum í viku eða oftar (Þorbjörn Broddason o.fl., 2009, s. 260). Tölurnar sýna að viljinn til þess að leita sér upplýsinga er talsvert meiri en raunverulegur fréttalestur á netmiðlum.

Blogg- og samskiptasíður eru vinsælar og ber fésbókin (e. facebook) þar hæst. Samskipti á fésbók krefjast lesturs og ritunar. Fésbókarsíður eru lesnar daglega af 39% unglunga og eiga stúlkur þar vinninginn, 55% lesa fésbókina daglega á móti 23% drengja. Vinsælast er að lesa blogg eftir vini og skólafélaga. Þeir sem skrá blogg lesa einnig oftar slíkan texta. Stúlkur eru talsvert virkari en drengir (Þóroddur Bjarnason, o.fl., 2010, s. 8-9). Texti á bloggsíðum hefur verið skoðaður. Bloggið er að mestu dagbókarfærslur um hversdagslega hluti og fréttir úr nánasta umhverfi. Flokka má bloggið í einstaklings- og hópsíður. Hópbloggin eru viðbót við fjölmiðlanotkun og koma að einhverju leyti í stað hefðbundinna fjölmiðla. Tilgangurinn er að fræðast um vini og kunningja. Textinn er skráður af jafnöldrum lesandans, með hversdagslegum orðaforða, oft ritaður í skeytastíl (Birgir Guðmundsson og Sóley Björk Stefánsdóttir, 2008, s. 181).

3.5 Samantekt

Ungt fólk heldur áfram að lesa en lesturinn tekur breytingum. Lestur bóka og dagblaða dregst saman á meðan lestur er tengist sjónvarpsáhorfi og tölvunotkun eykst. Á meðan þessi þróun hefur átt sér stað hefur getu í lestri hrakað. Áhrif skólastarfs á bóklestur eru mikil en þar fyrir utan fer lítið fyrir lestri. Ungt fólk eyðir tímanum fyrir framan tölvu- og sjónvarpsskjái. Skjárinn hentar illa til að lesa langa og flókna texta. Lesturinn einkennist af skimunarlestri og mikið magn upplýsinga gerir lesandanum erfitt að meta áreiðanleika þeirra, ekki síst fyrir skort á kennslu í upplýsingalæsi. Ungt fólk leitar fréttá á netmiðlum frekar en í dagblöðum og tekur þátt í fréttamiðluninni með bloggi. Það er virkt á samskiptasíðum, sérstaklega stúlkur. Skráður og lesinn texti er einfaldur og stuttur og hefur ekki afgerandi áhrif á læsi.

4. Áhrifavaldar á lestrarvenjur

„Það þarf heilt þorp til að ala upp barn.“ Þetta eru orð að sönnu. Við lifum í þjóðfélagi sem mótar okkur. Guðmundur B. Kristmundsson (2010) segir að uppeldi til lestrar leiði af sér sjálfstæða lesendur sem geti valið sér lesefni eftir tilefni og þörfum (s. 9). Áhrif fjölskyldu og vina ráða miklu og verða hér til skoðunar. Þáttur skólastarfs og starfsemi skólasafna verður skoðaður. Að lokum verður tæpt á áhrifum bókmenntamenningar og almenningsafna.

4.1 Fjölskylda, félagar og lesandinn

„Lesturinn byrjar heima.“ Foreldrar eru fyrirmyndir barna þegar kemur að lestri (Ásthildur Snorradóttir og Sigurlaug Jónsdóttir, 2000, s. 44). „Það þýðir ekki að sitja límd við sjónvarpsskjáinn og skammast í krökkunum fyrir að nenna ekki að lesa.“ (Herdís M. Hubner, 2010, s. [4]). Fjölskyldur sem skapar sér lestrarhvetjandi hefðir og halda þeim óháð aldri barnsins auka líkur á að barnið haldi lestrarhuganum (Ágústa Pálsdóttir, 1998b, s. 20). Það er hvetjandi fyrir börn að fara í fylgd foreldra á bóksafn, í bókabúðir og finna að áhugi er sýndur á því sem þau lesa. Börn sem hafa góðan aðgang að bókum lesa frekar (Almar M. Halldórsson, 2006, s. 26; Ágústa Pálsdóttir, 1998a, s. 14; Brynhildur Þórarinsdóttir, 2009, s. 571). Ágústa Pálsdóttir (1998a) lýsir fleiri atriðum sem einkenndu fjölskyldur sem höfðu skapað sér lestarhvetjandi hefðir og segir:

Lestur var hluti af daglegu heimilislífi, félagsleg samskipti í tengslum við lestur voru mikil og samræður um það sem heimilismenn lásu voru algengar ... foreldrar og börn [höfðu] oft gaman af að lesa sömu bækurnar (s. 15).

Mikilvægi lestrarstunda með foreldrum hafa sannað gildi sitt. Foreldrar eiga að lesa áfram fyrir börnin eins lengi og þau vilja hlusta og ræða um bækur við þau. Það eflir áhuga barna á lestri og styrkir þau í námi (Auður Magnús Leiknisdóttir o.fl., 2009, s. 110; Ágústa Pálsdóttir, 1998b, s. 20; Erna Árnadóttir, 2000, s. 66). Foreldrar leggja kapp á að styðja lestur barna fyrstu árin. Síðan tekur oft tímabil kæruleysis við. Eftir því sem börn eldast hafa afskipti foreldra af lestrarnámi farið minnkandi og áhugi barna á lestri dvínað (Auður Magnús Leiknisdóttir o.fl.,

2009, s. 117-118). Ef foreldrar horfa afskiptalaust á börn hætta að æfa sig festast þau smám saman í vítahring ólæsis (Herdís M. Hubner, 2010, s. [4]). Lestrarhvatningu þarf að viðhalda óháð aldri barnsins.

Menntun foreldra og tekjur heimilis tengjast lestri barna. Unglingar sem eiga bæði föður og móður með háskólapróf eru tvöfalt líklegri til að lesa bækur daglega en þeir sem eiga foreldra með grunnskólapróf. Menntun móður hefur jákvæð tengsl á lestur barna en menntun föður hefur ekki marktæk tengsl á Íslandi ólíkt öðrum löndum í Evrópu. Börn efnaðra foreldra eru ólíklegri til að lesa bækur daglega, jafnvel þótt foreldrarnir séu menntaðir. Hvað tengsl tekna varðar sker Ísland sig verulega úr alþjóðlegum samanburði. Í Evrópu hafa góðar tekjur jákvæð tengsl við lestur en hér er þessu öfugt farið (Brynhildur Þórarinsdóttir og Þóroddur Bjarnason, 2010, s. 45-49).

Þó fjölskyldan hafi jákvætt viðhorf til bóklesturs eru viðhorf barnanna mikilvægust. Börn sem eru dugleg að lesa eiga það sameiginlegt að vera jákvæð í garð bókmennta og hafa sjálfstæðar skoðanir á lesefni. Bóklestur er afþreying í þeirra augum og tækifæri til fróðleiks (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2009, s. 571). Börn sem telja sig slaka námsmenn eru síður líkleg til að lesa (Almar M. Halldórsson, 2006, s. 26; Brynhildur Þórarinsdóttir og Þóroddur Bjarnason, 2010, s. 47). Sterk sjálfsmynd tengist ótvírætt áhuga á lestri.

Áhrif foreldra dvína með auknum aldri barna, ekki síst vegna vaxandi samkeppni um athygli frá félögum, menningu unga fólksins sjálfs og afþreyingar af ýmsu tagi (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2005, s. 64). „Jafningjahópurinn hefur mikið að segja og lestraráhugi er háður tískubylgjum eins og flest annað.“ (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2009, s. 571). Unglingar sem fara út flest kvöld og þeir sem reykja eða drekka áfengi lesa síður bækur en þeir sem sitja edrú heima. Íþróttaiðkun hefur jákvæð tengsl á lestur. Þeir sem stunda engar íþróttir eru tvöfalt líklegri til að lesa aldrei bækur en „íþróttáalfarnir“ (Brynhildur Þórarinsdóttir og Þóroddur Bjarnason, 2010, s. 49). Lestur er hluti af heilbrigðum lífsstíl.

4.2 Skólastarf og skólasöfn

Læsi er grunnþáttur menntunar segir í sameiginlegum inngangskafli fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla samkvæmt aðalnámsskrá grunnskóla (Almennur hluti, 2011, s. 10). Niðurstöður rannsókna sýna að bóklestur ungs fólks hefur minnkað jafnt og þétt síðustu áratugi. Langþráð batamerki komu fram árið 2009 þegar vart

var við örlitla aukningu. Rannsakendur telja að þakka megi að nokkru lestrarhvetjandi starfi í skólum fyrir viðsnúninginn (Þorbjörn Broddason o.fl., 2009, s. 259). Niðurstöðurnar eru hvatning fyrir kennara til að halda uppi markvissri kennslu í lestri. Lestrarþjálfun þarf að sinna alla grunnskólagönguna samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (Íslenska, 2007, s. 10). Það virðist ekki ganga eftir. Kennarar hafa áhyggjur af hrakandi lestrarkunnáttu og telja marga nemendur standa illa í lestri þegar þeir hefja nám á unglíngastigi (Anna Sigríður Práinsdóttir, 2010, s. 24). Þegar komið er í 10. bekk finnst kennurum erfitt að glæða lestraráhuga nemenda (Auður Magndís Leiknisdóttir o.fl., 2009, s. 85). Bág staða unglínga í lestri staðfestir þörfina á því að halda uppi öfluglu lestrarstarfi. Í skóla þar sem ákveðið var að hefja hverja kennslustund í íslensku á lestri varð vart við viðhorfsbreytingar hjá nemendum. Jákvæð áhrif sáust á göngum skólans þegar nemendur nýttu frímínútur í bóklestur en það tíðkaðist ekki áður (Anna Sigríður Práinsdóttir, 2010, s. 24). Þetta tilvik sýnir að skipulagt skólastarf þar sem kraftur og festa er í lestrarkennslu hefur góð áhrif á lestur nemenda.

Í lestrarkönnun Símons Jóh. Ágústssonar (1972), Börn og bækur, dregur hann þá ályktun að bókmenntakennsla geti verið skaðleg. Hann segir marga kennara hafa drepið lestrargleði barna með óþörfum ofskýringum, málfræðilegum, bókmenntalegum og fagurfræðilegum. Engu að síður segir hann að án kennslu og leiðsagnar verði ekki komist. Skortur á skilningi og einhæfur orðaforði dragi úr „bókmenntanautn“ nemenda (s. 396-397). Bókmenntakennslan er línudans. Kennarar þurfa að velja lesefni sem höfðar til áhuga barnanna annars getur lestrarkennslan átt þátt í að mynda neikvæð viðhorf gagnvart lestri (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2005, s. 64; Símon Jóh. Ágústsson, 1972, s. 408). Þegar viðhorf nemenda í 10. bekk til skyldulesturs var kannað 2001 voru svörin beggja blands. „Hundleiðinlegt þykir að lesa það sem manni er gert að lesa en um leið er viðurkennt að sú lesning opni dyrnar að heimi viðkomandi bókmennta.“ (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2005, s. 64). Til að efla áhuga á bóklestri hafa kennarar boðið nemendum að velja lestrarbók úr úrvali íslenskra bókmennta. Valið hefur góð áhrif á lesturinn (Auður Magndís Leiknisdóttir o.fl., 2009, s. 87).

Hlekkur í lestrarhvatningarstarfi skólanna byggir á starfsemi skólasafna. Góð samvinna á milli almennra kennara og skólasafnskennara styrkir skólastarfið og eykur líkur á árangri þegar stefnt er að því að efla lestur nemenda. „Faglegt og drífandi starf á skólabókasöfnum var að mati kennaranna nauðsynlegt til að stuðla

að góðri nýtingu á bókasöfnum og auknum tímstundalestri nemenda.“ (Auður Magnús Leiknisdóttir o.fl., 2009, s. 83). Hvetja á nemendur til lesturs innan sem utan skóla með margháttuðum verkefnum við hæfi. „Hæfur skólasafnskennari [getur] verið lestrarhvetjandi og stutt nemendur til að þróa smekk sinn á bókum og bókmenntum. Einnig getur hann haft jákvæð og varanleg áhrif á lestrarnám nemenda.“ (Siggerður Ólöf Sigurðardóttir, 2009, s. 38). Hann getur reynst nemendum ómetanlegur bakhjarl í lestrarnámi. Skólasöfn eiga að veita aðgang að lesefni við hæfi hvers og eins (Aðalnámskrá grunnskóla: Íslenska, 2007, s. 10). Æskilegt er að kennari á skólasafni veiti nemendum ráðgjöf við bókval. „Starfsmaður þarf að þekkja nemendur nokkuð vel og vita hver lestrarfærni þeirra er til þess að bókin sem hann mælir með sé hvorki of þung né of létt.“ (Siggerður Ólöf Sigurðardóttir, 2009, s. 38). Kennarar þurfa að vera duglegir að kynna bækur fyrir nemendum (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2006, s. 40). Samstarf íslensku- og skólasafnskennara eykur líkur á árangursríkri ráðgjöf.

Þrátt fyrir að starfsmenn skóla séu allir að vilja gerðir til þess að hvetja nemendur áfram í lestri og nýti til þess margvíslegar aðferðir má ekki gleymast að þeir eru sjálfir mikilvægar fyrirmyndir. Það er nauðsynlegt fyrir nemendur sem eru að læra að lesa að eiga sér fyrirmyndir (Svanhildur Kr. Sverrisdóttir og Kristín Björk Gunnarsdóttir, 2010, s. 36). Æskilegt er að nýta hverja stund sem gefst með nemendum til að lesa fyrir þá og fræða þá um bækur. Sögustundir á skólasafni eða í skólastofu gefa gott fordæmi. „Margir kennarar leggja áherslu á að lesa fyrir nemendur langt fram á unglingsár.“ (Kristín Unnsteinsdóttir og Ragnhildur Helgadóttir, 1993, s. 54). Ef vel tekst til eignast nemendur góðar minningar sem eru þeim dýrmætar þegar þeir þurfa sjálfir að ákveða hvort lestur sé áhugaverð og skemmtileg iðja.

4.3 Bókmenntamenning og almenningssöfn

Menningararfur þjóða er misjafn. Íslendingar hafa skilgreint sig bókmenntaþjóð.

Bókaútgáfa er öflug, mun meira er gefið út á Íslandi en í öðrum löndum miðað við höfðatölu og þátttaka almennings í bókmenntalífi og viðburðum er einnig mikil (s. 8). ... Tímabilið frá því síðla hausts og fram að jólum er undirlagt af útgáfu bóka og útgefendur, bókasöfn, alls kyns stofnanir og félagasamtök, auk höfundanna sjálfra, keppast við að kynna þær (Auður Rán Þorgeirsdóttir og Kristín Viðarsdóttir, 2011, s. 74).

Hlutur barnabóka í íslenskri útgáfu er stór. Það skýrist af hefð Íslendinga að gefa bækur í jólagjafir. Það hefur góð tengsl við lestur að fá gefins bækur (Sigrún Klara Hannesdóttir, 1998, s. 21-23).

Bókmenntaverðlaun vekja athygli á bókum og hafa áhrif á lestur. Meiri áhersla mætti vera á að leita til ungra lesenda þegar barnabækur eru tilnefndar.

Sumar þær barnabækur, sem hlotið hafa nær einróma lof bókmenntafræðinga og gagnrýnenda, njóta mjög lítillar hylli barna Ánægja sú, sem börn hafa af því að lesa bækur, og mat þeirra á gildi þeirra fellur því í mörgum tilvikum ekki saman við smekk fullþroska bókmenntafræðinga (Símon Jóh. Ágústsson, 1976, s. 35).

Börn verða virkari ef þau gerast þátttakendur. Líkur á því að tilnefndar bækur hitti í mark og njóti vinsælda aukast ef lesendahópurinn tekur þátt í valinu. Börn tóku þátt í tilnefningu Bókaverðlauna barnanna sem voru afhent í níunda skiptið vorið 2011. Til að auðvelda valið fengu skólar og söfn send veggspjöld með myndum af kápum bóka sem komu út 2010. Með aðstoð fjögur þúsund 6-12 ára barna voru tvær bækur valdar, ein frumsamin og hin þýdd (Borgarbókasafn Reykjavíkur, 2011). Kjósendurnir eru ungir og hópurinn sem þarf á mestri hvatningu að halda er afskiptur. Leita mætti eftir skoðunum 13-15 ára barna á bókmenntum.

Margir viðburðir eru tileinkaðir bókmenntum. Frá september 2009 til ágúst 2010 má telja vel yfir hundrað bókmenntatengda atburðir á Íslandi (Auður Rán Þorgeirsdóttir og Kristín Viðarsdóttir, 2011, s. 130-133). Reykjavíkurborg hefur verið útnefnd Bókmenntaborg UNESCO (United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization), Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Í kjölfarið hefur Reykjavíkurborg í hyggju að skipuleggja lestrarhvetjandi verkefni ætluð öllum aldurshópum undir forystu Borgarbókasafns Reykjavíkur (Auður Rán Þorgeirsdóttir og Kristín Viðarsdóttir, 2011, s. 74).

Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræða (2007) leggur til að félagsmenn hvetji einstaklinga til bóklestrar. Þegar skóla sleppir á vorin hafa almenningssöfn boðið upp á lestrarhvetjandi viðburði fyrir börn. Sumarlestur er liður í því og var fyrst hleypt af stokkunum árið 1993 á Bæjar- og héraðsbókasafninu á Selfossi. Tilgangur sumarlesturs er að fá börn til að lesa yfir sumarið, kynnast heimi barnabókarinnar, njóta lesturs og koma betur undirbúin í skóla að hausti. Sumarlestur miðast fyrst og fremst við 9-11 ára börn, en yngri og eldri eru velkomin (Sigríður Matthíasdóttir, 1998, s. 38, 42). Eldri börn nýta síður

Þetta tækifæri og mætti gjarnan velta því fyrir sér hvernig hægt er að lokka þau til lesturs yfir sumarið og allt árið um kring.

4.4 Samantekt

Lestrarhvetjandi hefðir innan fjölskyldu, þar sem börn hafa góðan aðgang að bókum og lestur og umræða um bækur eru hluti af heimilisvenjum, auka líkur á að börn hafi ánægju af lestri, séu dugleg að lesa, gangi vel í námi, hafi jákvæða sjálfsmynd og lífi heilbrigðu lífi. Menntun foreldra hefur jákvæð tengsl á lestur barna, en háar tekjur og miklar veraldlegar eigur á heimilum hafa neikvæð tengsl við lestur barna. Á unglingsaldri fer lestur dvínandi og reynir þá á að halda inni lestrarhvetjandi hefðum fjölskyldunnar.

Kennarar eiga erfitt með að viðhalda lestraráhuga nemenda. Skýr lestrarstefna í skólum styrkir lestur nemenda og skapar lestrarhvetjandi hefðir. Lestrarhvatning eflist ef kennarar á skólasafni vinna að henni með almennum kennurum og veita nemendum ráðgjöf við bókval. Kennarar þurfa að vera fyrirmyndir nemenda í lestri.

Barnabókaútgáfa og umræða um bækur er lífleg fyrir jól. Rannsóknir hafa sýnt að bókaáhrif hafa jákvæð tengsl við lestur barna. Bókmenntaverðlaun vekja athygli á barnabókum en virkja mætti börn frekar við val þeirra. Bókmenntaviðburðir eru skipulagðir árið um kring og er lestrarhvatning oft tengd þeim. Almenningsöfn standa að sumarlestri en eldri börn láta ekki heillast og eru oft afskipt þegar athygli er beint að lestri og bókmenntum. Gjarnan mætti þróa fleiri lestartengda viðburði með þau í huga.

5. Lestrarhvatning

Lestur afþreyingabóka utan skóla kenndi fyrri kynslóðum að lesa hratt og jók hjá þeim lesskilning. Hann var undirstaða farsæls framhaldsnáms sem byggði á góðri lestrarfærni (Heimir Pálsson, 2000, s. 113). Þeir sem njóta þess að lesa líta á lestur sem afþreyingu og eru drifnir áfram af innri hvötum því lesturinn veitir ánægju (Gambrell og Marinak, 1997, s. 206). Þegar áhugaleysi ungs fólks gagnvart lestri ræður ríkjum er það ótvírætt merki þess að ekki hefur tekist að tendra lestrarneistann. Mörgum kennurum finnst þeir standa úrræðalausir frammi fyrir áhugaleysi nemenda. Þá skorti leiðir og stuðning til þess að efla áhuga þeirra á lestri. Nemendur sem geta lesið en vilja það ekki eru mikið áhyggjuefni kennara (Auður Magndís Leiknisdóttir, o.fl., 2009, s. 11). Í eftirfarandi kafla verður farið í undirstöður lestrarhvatningar. Síðan verður fjallað stuttlega um nokkur lestrarhvetjandi verkefni. Að lokum verður lestrarhvetjandi starf metið.

5.1 Undirstöður lestrarhvatningar

Þegar hugað er að lestrarhvatningu þarf að átta sig á að mismunandi ástæður geta legið að baki litlum lestri. Unglingar sem lesa lítið segjast ekki hafa tíma fyrir lestur. Þeir finna ekki lesefni við hæfi en eru jafnvel tilbúnir að lesa ef þeim er bent á góða bók. Sumum finnst leiðinlegt að lesa og sjá engan tilgang með lestri eða þeim finnst erfitt að lesa og líður illa við lestur og forðast því lestur (Jones, Hartman og Taylor, 2006, s. 8). Af upptalningunni má sjá að orsakir fyrir litlum lestri geta verið af ýmsum toga. Það þarf að greina vandann hjá hverjum einstaklingi áður en hafist er handa við lestrarhvatningu.

Þáttur í að vel takist til er að skapa jákvætt viðhorf til lesturs. Þeim sem tekst að skapa jákvætt andrúmsloft og hvetja börn til að lesa á þeirra forsendum ná betri árangri. Gott sjálfstraust eykur viljann til að takast á við viðfangsefni. Ummæli foreldra og kennara þurfa að vera uppbyggjandi. Neikvæðar athugasemdir hafa oft fylgt nemendum í lestrarerfiðleikum í áraraðir og dregið úr áhuga þeirra á lestri (Irvin, 1998, s. 49). Leita þarf eftir því besta sem býr í

nemendum og hrósa á þeim forsendum til að efla sjálfstraust og jákvæðni (Dwyer og Dwyer, 1994, s.72).

Greina má hrós í þvo þætti sem beinist að innri eða ytri hvatningu. Jákvæð viðbrögð sem byggja á frammistöðu nemandans hafa góð áhrif á innri hvatningu, löngun hans til að standa sig eykst, hann vill halda áfram að lesa og vellíðan við lesturinn vex. Gjafir svo sem límmiðar eða stimplar flokkast til ytri hvatningar því form þeirra tengist ekki því sem einstaklingurinn er að gera.

Hvatning sem er ekki verðskulduð getur verið varasöm og því mikilvægt að tengja hana við ástundun. Það þarf að vera ljóst í upphafi verkefnis hvaða markmið lesandinn þarf að ná til að vinna fyrir viðurkenningu. Æskilegt er að velja verðlaun sem tengjast lestri á einhvern hátt, þau séu til dæmis í formi bókamerkis, bókaþafar eða viðbótar tíma sem gefinn er í lestur (Gambrell og Marinak, 1997, s. 209). Nemendur þurfa að hafa trú á því að þeir geti átt möguleika á viðurkenningu annars getur hún haft öfug áhrif. Þeir geta orðið niðurdregnir, vonlitlir og fráhverfir þátttöku ef þeir sjá ekki fram á að standast kröfur sem eru skilyrtar umbun. Ef verðlaun eru notuð sem hvatning þarf að taka tillit til einstaklingsþarfa. Ekki er hægt að gera sömu kröfur til allra (Johns og Van Leirsburg, 1994, s. 92).

Keppni er algeng hvatningaraðferð. Það þarf alltaf að íhuga vel hvort viðeigandi sé að nota keppni þegar nemendur eru hvattir áfram í lestri. Við viljum að allir þátttakendur finni sig sem sigurvegara en keppni flokkar nemendur óhjákvæmilega í tap- og sigurlið. Það að vera í tapliði getur haft áhrif á sjálfsmynd nemandans í lestri og stöðu hans innan námshópsins. Það þarf því að nýta keppnisfyrirkomulagið af varúð þegar hugað er að lestrarhvatningu (Johns og Van Leirsburg, 1994, s. 92).

5.2 Lestrarhvetjandi verkefni

Hér á eftir fara stuttar lýsingar á nokkrum lestrarverkefnum. Mikilvægt er að kennarar hafi góðan aðgang að slíkum verkefnum svo þeir geti tekið upp það besta sem þeir telja að henti sínum námshópi. Sérstaklega var leitað að verkefnum sem hafa verið unnin á Íslandi. Það var ekki auðvelt að finna heimildir um þau. Lýsingar á lestrarverkefnum fundust yfirleitt í bókum þar sem megin umfjöllunarefnið var annað en lestrarhvatning. Á Netinu var auðveldara að finna lýsingar og nýttust skýrslu um mat á þróunarverkefnunum, Víxllestur og

Yndislestur – bók er vina best, vel. Í ljósi þess hve kennarar telja stöðu nemenda í lestri slæma og erfitt sé að hvetja þá áfram (Auður Magnús Leiknisdóttir o.fl., 2009, s. 11) væri þörf á að taka saman lýsingar að lestrarhvetjandi verkefnum og gera þær aðgengilegar.

5.2.1 Lestrarvinir og Víxllestur

Lestrarvinir er verkefni sem hentar börnum sem eiga við lestrarerfiðleika að stríða og þurfa að byggja upp jákvætt viðhorf gagnvart lestri. Barn fær lestrarvin sem getur verið í fjölskyldunni, kunningi eða nemandi í bekknum. Vinirnir lesa í sameiningu í ákveðinn tíma eða áhersla er lögð á að klára að lesa ákveðinn fjölda bóka. Þeir lesa upphátt fyrir hvern annan og ræða um bækurnar. Ef barnið er neikvætt eða á erfitt með lestur er lögð áhersla á að það njóti þess að hlusta. Það getur síðan smám saman tekið aukinn þátt í lestrinum. Lesturinn er samviskusamlega skráður. Þegar ákveðnum markmiðum er náð er barnið verðlaunað. Gott er að velja verðlaun sem lestrarvinirnir geta notið í sameiningu (Gambrell og Marinak, 1997, s. 210).

Víxllestur var unninn sem hluti af þróunarverkefni í Lindaskóla veturinn 2009-2010 og líkist Lestrarvina verkefninu. Þátttakendur voru í 3.-7. bekk og foreldrar þeirra. Unnið var í nánun samstarfi við skólasafnið. Nemendur völdu sér bók og fengu í hendurnar tvö eintök af henni. Þeir skiptust á að lesa upphátt með foreldri (Elín Richards, 2010, s. 2-3). Víxllesturinn bauð upp á tækifæri til að eiga gæðastund innan fjölskyldunnar. Umfjöllun um mat á Víxllestri er í kafla 5.3.

5.2.2 Lestrarrall

Kynning á Lestrarralli varð fyrir valinu vegna samstarfs íslenskukennara og starfsmanna almenningssafns í nágrenni skólans. Sögu Lestrarrallsins má rekja aftur til vorsins 1983, þá tóku 10 ára börn í Mosfellsbæ, þá sveit, fyrst þátt. Nemendur lesa tiltekinn fjölda bóka yfir ákveðið tímabil. Hverri bók fylgir eyðublað með spurningum sem er skilað að loknum lestri. Lestrarrallið hefst með viðhöfn þegar nemendur árgangsins hlaupa frá skólabyggingu að almenningssafni í leit að lesefni. Til að auðvelda starfsfólki safnsins að aðstoða nemendur við bókval flokkuðu íslenskukennararnir nemendurna eftir lestrargetu. Útbúin voru skráningarblöð fyrir lesturinn í þremur litum. Hver litur stóð fyrir ákveðna getu í lestri og fengu nemendurnir úthlutaðu skráningarblaði í lit sem samræmdist getu.

Allir sem luku rallinu fengu viðurkenningarskjal auk þess sem dregin voru út bókaverðlaun (Marta Hildur Richter, 1990, s. 12).

5.2.3 Bókakvöld

Bókakvöld er skipulagt til að örva áhuga nemenda og foreldra á lestri og bókmenntum. Umsjónarkennarar, kennari á skólasafni og foreldrar standa saman að undirbúningi. Eina kvöldstund koma nemendur með foreldrum í skólann. Unnið er með þema eða einhver rithöfundur er í brennidepli. „Æskilegt er að þemaverkefnið verði áfram til staðar á bókasafni skólans til frekari vinnslu og til að nemendur sem urðu af bókakvöldinu fái tækifæri til að kynnst þeim.“ (Nanna Kristín Christiansen, 2010, s. 138). Bókakvöld eru tilvalin byrjun á lestrarhvatningarverkefnum sem unnin eru áfram í samstarfi við heimilin.

5.2.4 Bókaormar á Internetinu

Tilvalið er að nýta tölvutæknina þegar unnið er að lestrarhvatningu. Á vefsíðunni Bókaormar, <http://bokaormar.khi.is>, er hægt að skrá lesnar bækur á Netinu. „Börn, foreldrar og kennarar geta stofnað orma sem vaxa með hverri lesinni bók og geyma stuttar umsagnir barnanna um bækurnar.“ (Rannís, 2003). Bókaormarnir nýtast bæði heima sem skrá yfir lestur fjölskyldunnar eða í skólastarfi. Hægt er að kalla fram ýmsar upplýsingar um ormana og bera þá saman, prenta út vinnublöð, viðurkenningar og myndir. Algengast var að nemendur í 3.-7. bekk tækju þátt í Bókaormunum skólaárið 2009-2010, þá skráðu 809 börn sig í verkefnið (Torfi Hjartarson og Þorbjörg Þorsteinsdóttir, e.d.).

5.2.5 Stóra og Litla upplestrarkeppnin

Stóra upplestrarkeppnin er dæmi um lestrarhvatningu sem er skipulögð á landsvísu. Hún fer árlega af stað 16. nóvember á degi íslenskrar tungu. Nemendur í 7. bekk eru hvattir til að vanda sig við upplestur. Fyrst er keppt í einstökum skólum og síðan er útsláttarkeppni í hverjum landshluta. Lesefnið er ákveðinn sögubútur og ljóð. Þátttakendur velja einnig ljóð til flutnings. „Kennarar telja verkefnið auka og styrkja sjálfstraust nemenda og virðingu þeirra fyrir móðurmálinu.“ (Ingibjörg Einarsdóttir, 2010, s. 46).

Litla upplestrarkeppnin er verkefni í þróun sem byggir á sömu hugmyndum og sú Stóra. Hún er ætluð nemendum í 4. bekk. „Keppnishugtakið felur eingöngu í sér það markmið að keppa að betri árangri, ekki að keppa við

bekkjarafélagana heldur sjálfan sig og stefna stöðugt að því að bæta framsögn og upplestur.“ (Ingibjörg Einarsdóttir, 2010, s. 46). Kennarar sníða keppnina að þörfum hvers og eins með það að markmiði að allir taki þátt á sínum forsendum.

5.2.6 Yndislestur – bók er vina best

Próunarverkefnið, Yndislestur – bók er vina best, var unnið í Húsabakkaskóla veturinn 2004-2005. Áherslur voru lagðar á lestrarhvetjandi starf. Hér fer lýsing á því helsta sem bar á góma þennan vetur samkvæmt matskýrslu Guðmundar Engilbertssonar (2005). Foreldrar voru fræddir um lestur á haustfundi. Þeir voru hvattir til að lesa fyrir börnin, merkja við heimalestur og sækja lestrartengda viðburði í skólann. Fastur tími var gefinn í lestur við upphaf hvers skóladags. Lestur varð þannig að sjálfsögðum hluta skólastarfsins. Kennarar röðuðu nemendum í fámenna leshringi og var lesin skáldsaga innan hvers þeirra. Einn nemandi las upphátt í einu og hinir fylgdust með þar til allir höfðu lesið. Upplestur fyrir aðra veitti nemendum þjálfun í að koma fram. Til að auka samskipti leik- og grunnskólabarna og tengja leikskólann lestrarverkefninu fóru eldri nemendur vikulega í leikskólann. Þeir lásu upphátt fyrir börnin. Í því fólst góð þjálfun í framkomu og túlkun á lesnum texta. Lestrarormur þakti ganga skólans þegar fór að líða á skólaárið. Hver lesin bók var skráð á lítinn miða sem var hengdur upp. Ormurinn varð lestrarhvati fyrir nemendur og gerði verkefnið sýnilegt öllum sem fóru um skólann. Nemendum var kennt að umgangast bókasafnið. Gott aðgengi að bókum og vinna á safninu skilaði sér í auknum lestraráhuga og fróðleiksfýsn. Dagur bókarinnar 23. apríl var haldinn hátíðlegur og rithöfundum boðið í heimsókn. Kennsluaðferðirnar gagnvirkur lestur (e. interactive reading) og gerð hugtakakorta (e. mind mapping) voru nýttar til að styrkja lesskilning (s. 9-12). Frekari umræða sem tengist mati á verkefninu er í kafla 5.3.

5.2.7 Bókabingó

Útbúin eru fjölbreytt bingóspjöld. Auðvelt er að koma á mótis við lestrargetu nemenda með mismunandi fjölda reita á spjöldunum. Í hvern reit er skráð nafn bókar, bókaflökks eða rithöfundar. Nemendur velja bækur sem eiga við upplýsingarnar sem eru skráðar á spjald sem þeim var úthlutað. „Að loknum lestri er merkt við viðkomandi reit. Að síðustu er dregið úr þeim spjöldum sem lokið

hefur verið við.“ (Kristín Unnsteinsdóttir og Ragnhildur Helgadóttir, 1993, s. 55). Afkastamiklir nemendur geta klárað fleiri en eitt spjald.

5.3 Mat á árangri lestrarhvatningarverkefna

Það bætir verkefni ef árangur af þeim er metinn. Hægt er að skrá tíma sem fer í lestur, fjölda lesinna blaðsíðna, mæla lestrarhraða og prófa lesskilning. Einnig er hægt að taka viðtöl við þátttakendur og aðstandendur þeirra.

Mat á VÍxllestri sýndi að hann vakti mikla lukku. Móðir drengs í 5. bekk hafði orð á því að VÍxllesturinn væri frábær og vel að honum staðið. Sonur hennar hefði lesið áhugaverðar og skemmtilegar bækur. Hún vildi gjarnan endurtaka leikinn (Elín Richards, 2010, s. 22). Móðir drengs í 7. bekk var einnig ánægð en lagði áherslu á mikilvægi þess að hrósa nemendum fyrir góða frammistöðu.

Hann kom með skemmtilega bók sem við lásum saman. Ég þurfti að tala hann til, til að fá hann til að lesa svona til skiptis en þegar við vorum byrjuð þá var það hann sem rak á eftir mér. Mér finnst þetta **mjög gott mál, skemmtilegt verkefni**. En þeir nemendur sem voru að sinna þessu vel eins og hann, (að mínu mati) fannst mér vanta hrós frá skólanum, mér fannst eins og hann upplifði að það skipti ekki máli hvort hann læsi eða ekki, þegar hann skilaði miðanum (s. 22).

Uppbyggjandi ummæli eru mikils virði. Við mat á lestrarverkefni minntust margir nemendur á að jákvæð hvatning frá kennara sem byggði á frammistöðu þeirra hefði verið þeim dýrmætust (Gambrell og Marinak, 1997, s. 213).

Lestarpjálfun á skólatíma er tímafrek og nauðsynlegt er að hugleiða hvaða áhrif hún hefur á annað skólastarf. Kennarar í Húsabakkaskóla sem tóku þátt í þróunarverkefninu, Yndislestur- bók er vina best, töldu mikinn lestur á skólatíma ekki vera á kostnað annars náms. Minna var unnið í málfræði en á móti kom að nemendur fengu betri máltilfinningu, lesskilningur jókst og aukið úthald við lestur skilaði sér í betri próflestri. Foreldrar og nemendur töldu lesturinn hreina viðbót við námið (Guðmundur Engilbertsson, 2005, s. 12). Allir töldu verkefnið skila árangri og að áhugi á lestri varð meiri.

Foreldrar sögðu börnin lesa mikið meira en áður og nefndu sem dæmi að ef farið væri í verslunarferð inn á Akureyri eða til Reykjavíkur þá vildu börnin fara í bókabúðir. Þegar um ferðalög væri að ræða væri bókin sjálfsagður ferðafélagi (s. 13).

Erfitt getur verið að fá nemendur sem eiga í lestrarerfiðleikum til að lesa. Ef þeir ná að nýta sér lestrarverkefni og hella sér í lesturinn segjast þeir sjálfir

finna framfarir. Kennarar sem tóku þátt í Yndislestri- bók er vina best sögðu verkefnið nýtast best þeim nemendum sem stóðu höllum fæti í lestri. Frásögn nemanda með lestrarerfiðleika segir sína sögu:

„Það gerðist svo margt þegar við fórum í þessi lestrarátök.“
Þessi nemandi sagðist njóta þess að lesa en var þess fullviss að ef ekki væri þessi áhersla lögð á lestur myndi lestur hafa mætt afgangi hjá honum vegna þess hve lesturinn var honum lengi erfiður (Guðmundur Engilbertsson, 2005, s. 9).

Í Víxllestri skorti stundum á þátttöku foreldra. Nauðsynlegt er að tryggja að lestrarverkefni séu vel kynnt fyrir þeim. Mikilvægt er að þeir skilji hvers er ætlast af þeim, sérstaklega ef lestrarverkefni byggir á heimalestri (Elín Richards, 2010).

5.4 Samantekt

Við lestrarhvatningu er mikilvægt að skoða hvaða ástæður liggja að baki litlum lestri. Huga þarf að hvatningu og umbun fyrir góða ástundun. Hrós byggt á frammistöðu er kraftmikið og minni hætta á að það snúist í höndum notanda en afhending verðlauna. Það ber að varast að setja lestrarverkefni upp í keppnisformi því þá tilheyra alltaf einhverjir tapliðinu.

Lýsingar á lestrarverkefnum á íslensku geta verið vandfundnar og væri þörf á að taka saman efni um þau. Lestrarverkefni geta annað hvort byggst á stuttum átaksverkefnum en einnig verið hluti af því að koma upp lestrarhefðum til framtíðar. Við mat á lestrarverkefnum eru jákvæðar umsagnir áberandi. Árangurinn felst í miklum lestri. Nemendur verða betri námsmenn, málskilningur þeirra verður betri og einbeiting og úthald í lestri eykst. Líkurnar á því að lesandinn uppgötvi þá gæðastund sem fylgir lestri og auki lestur í framhaldi af lestrarhvatningu eru miklar. Það samræmist markmiðum lestrarhvatningar um að vekja lestrarlöngun meðal nemenda sem eflist um aldur og æfi.

6. Framkvæmd rannsóknar

Síðari hluti ritgerðarinnar byggir á niðurstöðum rannsóknar. Í þessum kafla verður fjallað um markmið hennar og rannsóknarspurningar. Farið er yfir aðferðafræði rannsóknarinnar, sagt deili á þátttakendum og verklag við val þeirra útskýrt. Framkvæmd viðtala er lýst gaumgæfilega. Að lokum er sagt frá umfangi gagna og aðferðum við greiningu og úrvinnslu þeirra.

6.1 Markmið og rannsóknarspurningar

Umfangsmiklar meginlegar rannsóknir (e. quantitative research) á lestri ungs fólks á Íslandi hafa leitt í ljós að mikið hefur dregið úr bóklestri síðustu áratugi Þrátt fyrir batamerki í niðurstöðum nýlegra rannsókna sem sýna lestur vera að aukast örlítið (Almar M. Halldórsson o.fl., 2010; Þorbjörn Broddason o.fl., 2009), tel ég ástandið ekki viðunandi og vildi rannsaka lestur ungs fólks frekar.

Markmiðið rannsóknarinnar er að kanna upplifun ungs fólks, foreldra og stétta sem starfa með ungu fólki, 10-15 ára, á lestrarhegðun þessa hóps. Ég sóttist eftir skýringum þeirra á þáttum sem hafa áhrif á lestur og hugmyndum að lestrarhvetjandi venjum og verkefnum. Rannsóknarspurningarnar sem lagt var upp með voru þrjár:

1. Hvernig eru lestrarvenjur 10-15 ára nemenda?
2. Hvað getur haft áhrif á lestrarhegðun nemenda?
3. Hvernig er hægt að hvetja ungt fólk til að lesa?

6.2 Undirbúningur rannsóknar

Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar haustið 2010 en vinnsla persónuupplýsinga er tilkynningaskyld. Tilkynningum er fyrst og fremst ætlað að skapa gegnsæi. Það þarf ekki að tilkynna um vinnslu upplýsinga sem ekki er hægt að rekja til tiltekinna einstaklinga. Ef vafi er á því er betra að senda tilkynningu en ekki (Persónuvernd, 2010). Í þessari rannsókn var hluti þátttakenda ekki lögráða.

Foreldrar þeirra undirrituð samþykki fyrir því að rannsakandi mætti ræða um lestur við þá.

Tryggt var að fjórum höfuðreglum í siðferði rannsókna yrði framfylgt. Samkvæmt sjálfræðisreglu var leitað eftir upplýstu samþykki fyrir þátttöku. Til að koma á mótis við skaðleysisreglu var þátttakendum heitið trúnaði, nafnleynd og gert grein fyrir rétti sínum til að hætta í rannsókninni. Samkvæmt velgjörðarreglu var vonast til að niðurstöður rannsóknarinnar yrðu hagnýtar. Ekki þurfti að hafa áhyggjur af réttlætisreglu því rannsóknin hafði ekki neikvæð áhrif eða áhættu í för með sér fyrir þátttakendur (Sigurður Kristinsson, 2003, s. 163-164).

6.3 Rannsóknaraðferð

Í eftirfarandi rannsókn var stuðst við eigindlega aðferð. Tekin voru opin viðtöl (e. in-depth interviewing) til að gera sér grein fyrir upplifun viðmælenda á efni rannsóknarinnar. Niðurstöður eru byggðar á lýsingum viðmælenda með það að markmiði að skilja viðfangsefnið út frá sjónarhóli þeirra, greina það og finna merkingu (Taylor og Bogdan, 1998, s. 88-89). Kostir eigindlegra rannsóknaraðferða liggja í því að hægt er að skoða viðfangsefnið af nákvæmni og nálgast mikið magn upplýsinga um afmarkað efni. Styrkur aðferðarinnar felst í gögnum sem fá að tala sínu máli. Af sama skapi er hætta á að rannsakandi liti niðurstöður með viðhorfum sínum (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003, s. 228, 233). Mikilvægt er að rannsakandi gæti hlutleysis við öflun upplýsinga og leyfi viðmælendum að tjá skoðanir sínar óhindrað.

6.3.1 Þátttakendur

Fjöldi þátttakenda var ekki ákveðinn við upphaf rannsóknar. Ákvarðanir um val og fjölda viðmælenda tók á sig mynd á meðan rannsóknin fór fram og urðu endanlegar við lok hennar eins og tíðkast oft við eigindlegar rannsóknir (Taylor og Bogdan, 1998, s. 93). Rætt var við sex nemendur í 6. bekk, fimm foreldra, þrjá íslenskukennara í grunnskóla og sjö bókasafns- og upplýsingafræðinga, fimm störfuðu á skólasafni og tveir á almenningssafni. Þegar ég innti viðmælendur eftir menntun við upphaf viðtals kom fram að allir bókasafns- og upplýsingafræðingarnir sem rætt var við voru menntaðir grunnskólakennarar og höfðu síðan bætt við sig menntun í bókasafns- og upplýsingafræði eftir nokkur ár í kennslu.

Hluti þátttakenda, þriðji íslenskukennarinn og fimmti bókasafns- og upplýsingafræðingurinn á skólasafni, nemendurnir sex og foreldrar þeirra, tóku þátt í tilraunakennslu lestrarverkefnis sem skipulagt var fyrir nemendur í 6. bekk í tengslum við nám í samfélagsfræðigreinum. Nemendurnir lásu bækur eftir norræna höfunda.

Aðferðir við val þátttakenda voru fjölbreyttar. Fyrst og fremst beitti ég markmiðsúrtaki (e. purposive sample). Þar sem ég valdi úrtak sem hafði markmiðum rannsóknarinnar (Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson, 2003, s. 63). Ég leitaði eftir viðmælendum úr starfsstéttum er tengdust 10-15 ára nemendum. Þeir þurftu að starfa í grunnskóla sem kennarar í íslensku eða á skólabókasafni eða vinna á almenningssafni. Ég reyndi sérstaklega að hafa upp á fólki sem hafði unnið að lestrarhvatningu. Samhliða markmiðsúrtaki notaði ég snjóboltaúrtak (e. snowball sample) sem er algengt í eigindlegum rannsóknum. „Þeir sem fyrst er talað við benda á aðra, þeir benda á enn aðra og svo koll af kolli.“ (Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson, 2003, s. 62). Þannig fékk ég ófáar ábendingar sem ég vann frekar úr samkvæmt markmiðsúrtakinu. Ég fékk umsjónarkennara í 6. bekk til að beita kvótaúrtaki (e. quota sample) og markmiðsúrtaki við val nemenda. Valdir voru sex nemendur, þrír drengir og þrjár stúlkur. Auk þess átti hópurinn að skiptast með tilliti til lestraráhuga, helmingur hópans átti að hafa mikinn áhuga á lestri en hinn ekki. Þriðja úrtaksaðferðin byggðist á tengslum en foreldrarnir sem rætt var við áttu börn í rannsókninni.

Fyrsta samband mitt við flesta viðmælendur var í gegnum síma þar sem ég upplýsti þá um eðli rannsóknarinnar og óskaði eftir samþykki fyrir þátttöku. Í kjölfarið sendi ég tölvupóst sem áréttaði frekar umræðuefnið og rannsóknaraðferðina. Ég hafði ekki samband við nemendur og foreldra fyrr en kom að viðtali. Umsjónarkennarar kynntu rannsóknina fyrir foreldrum og afhentu bréf með upplýsingum um rannsóknina og lestrarverkefni sem börnin voru þátttakendur í. Umsjónarkennararnir fengu foreldra til að skrifa undir upplýst samþykki fyrir þátttöku í rannsókninni fyrir sína hönd og barnsins.

6.3.2 Skipulag viðtala

Viðtölin voru tekin á átta mánaða tímabili. Það fyrsta haustið 2010 og það síðasta vorið 2011. Lögð var áhersla á að þátttakendur bæru traust til rannsakanda.

Í upphafi eigindlegs viðtals reifar rannsakandi/spyrill framkvæmd rannsóknarinnar, verndun persónuupplýsinga og leggur sig fram um að skapa þægilegt andrúmsloft sem stuðlar að því að viðmælenda finnist þægilegt að taka þátt í viðtalinu (Helga Jónsdóttir, 2003, s. 70).

Til að auka öryggistilfinningu viðmælenda fóru viðtölin fram á stöðum sem þeir þekktu og fengu þátttakendur að ráða á hvaða tíma viðtöl voru tekið og hvar. Viðtölin fóru til dæmis fram í skólastofum kennara og nemenda og á safni bókasafns- og upplýsingafræðinga. Viðtöl við nemendur voru tekin í tveimur áföngum og liðu tveir mánuðir á milli þeirra. Fyrri viðtalið fór fram við upphaf lestrarverkefnis og það síðara nokkru eftir að því lauk. Rannsakandi hitti ekki foreldra nemenda heldur var haft samband við þá símleiðis fljótlega eftir að seinna viðtali við barn þeirra var lokið.

Erfitt getur verið að ákvarða lengd viðtals. „Að jafnaði skal viðtali hætt þegar endurtekningar eru farnar að koma fram eða umræðan farin að færast frá umræðuefninu.“ (Helga Jónsdóttir, 2003, s.78). Viðtölin voru mislöng. Þau lengstu voru um 40-60 mínútur og voru tekin við flesta bókasafns- og upplýsingafræðingana og hluta kennara. Viðtöl við þá sem tóku þátt í lestrarverkefninu voru styttri. Viðtal við hvern nemanda stóð yfir í um 20 mínútur. Viðtöl voru hljóðrituð á stafrænt upptökutæki og hljóðupptöku eytt eftir afritun. Símtöl við foreldra voru stutt, tóku aðeins um 10 mínútur. Þau voru ekki hljóðrituð heldur punktuð niður á meðan samtali stóð og síðan skráð eins nákvæmlega og kostur var eftir.

Safnað var lýsingum af reynslu og upplifun viðmælenda (Helga Jónsdóttir, 2003, s. 73; Taylor og Bogdan, 1998, s. 90). Stuðst var við viðtalsramma, sem byggði á þremur rannsóknarspurningum og opnum viðtalsspurningum sem tengdust þeim. Viðtölin þróuðust í takt við svör viðmælenda.

Þegar viðtöl byggjast á opnum spurningum fást ekki alltaf svör sem búist er við Viðtölin felast í samræðum þar sem umræðuefnið er ákveðið af rannsakanda sem ræðir á jafnréttisgrundvelli við viðmælenda. Þannig er umræðuefnið fyrirfram ákveðið en innihald samræðnanna ekki Viðtölin eru mismunandi frá einum þátttakanda til annars. Innihald umræðnanna er ekki nákvæmlega það sama ... þó viðfangsefnið sé eitt og hið sama. Leitast er við að skoða fyrirbærið frá ólíkum sjónarhornum (Helga Jónsdóttir, 2003, s. 73-74).

Rannsakandi leiddi viðtölin áfram og var meðvitaður um að hafa ekki áhrif á þau með eigin viðhorfum og hlutlægni. Stundum þurftu viðmælendur umhugsunarfrest eða hvatningu. Ég gætti þess að grípa ekki fram í og beitti virkri hlustun til að leiða umræður áfram. Þá er kolli kinkað til samþykkist eða bætti inn hvetjandi smáorðum án þess að hafa mikil áhrif á umfjöllunina (Taylor og Bogdan, 1998, s. 100). Stundum reyndist þörf á að dýpka umræðuna (Helga Jónsdóttir, 2003, s. 77). Þá voru viðmælendur beðnir um að koma með frekari útskýringar á atriðum sem tengdust fyrri ummælum. Fróðlegar lýsingar bættust þá við og jók það verulega gildi rannsóknargagna. Ég fékk stundum fram frekari skýringar á hlutum sem ég hafði í raun sjálf skilning á. Ég vildi ekki draga ályktanir sem tengdust minni þekkingu og reynslu heldur nálgast viðfangsefnið frá grunni og ná þannig fram ítarlegri lýsingum (Taylor og Bogdan, 1998, s. 106-107). Við lok hvers viðtals fengu viðmælendur tækifæri til að bæta við atriðum sem þeim þóttu mikilvæg en höfðu ekki komið fram í umræðunni. Oft lá þeim eitthvað á hjarta og bættu við. Þegar slökkt hafði verið á upptökutæki komu stundum fram upplýsingar sem ég skráði einnig með leyfi viðmælanda.

6.3.3 Umfang og úrvinnsla gagna

Við mat á umfangi gagna er tími sem fór í viðtöl tiltekinn. Upptaka var í gangi í flestum viðtölum og taldist vera um tíu klukkustundir auk þess sem spjallað var stuttlega við viðmælendur fyrir og eftir upptöku. Símtöl við foreldra tóku þar að auki um eina klukkustund. Það má því ætla að minnsta kosti tólf tímar hafi farið í viðtölin sem gagnagrunnur rannsóknarinnar byggist á.

Viðtölin voru afrituð nákvæmlega í formi vettvangsnótna (e. fieldnotes). Þá fylgdu lýsingar á aðstæðum sem viðtalið fór fram í og upplifun rannsakanda á viðmælanda. Frumgreining gagna var unnin samhliða skráningu. Athugasemdir voru skráðar jafnóðum í vettvangsnóturnar auk þess sem hugeiðingar mínar um gildi viðtalsins fylgdu í lokin. Mikilvægt var að frumgreina gögnin jafnóðum því stundum komu fram atriði í viðtali sem ég vildi gjarnan skoða frekar eða ég varð vör við skort á ákveðnum upplýsingum. Þá er mælt með því í eigindlegum rannsóknum að leggja áherslu á að fá upplýsingar um slík atriði í síðari viðtölum (Taylor og Bogdan, 1998, s. 156).

Við greiningu er mikilvægt að rýna vandlega í vettvangsnótur og marglesa þær yfir. Fyrst var áhersla lögð á að greina meginþemu í gögnunum sem tengdust

rannsóknarspurningunum. Síðan var unnið að því að flokka gögnin frekar í undirþemu og skrá niðurstöður. Í eigindlegum aðferðum verða lesendur að treysta því að rannsakandinn finni það sem er mikilvægast í gögnunum. Framsetningin þarf að vera trúverðug þar sem ekkert kerfi getur sannað eða afsannað niðurstöðurnar (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003, s. 232–234). Niðurstöður eru byggðar á frásögnum viðmælanda og vitnað er í orð þeirra beint eða óbeint til að styðja þær. Óþarfa orðum í beinum tilvitnunum var sleppt, táknað með þremur punktum, einnig var bætt inn í hornklofa orðum sem þóttu nauðsynleg til þess að skýra frásögn.

Til að lesandi eigi auðveldara með að átta sig á viðmælendum er vísað til þeirra með lýsandi heitum. Fyrir aftan lýsandi heitin koma númer til frekari aðgreiningar sem hlaupa á fjölda viðmælanda í hverjum hópi. Dæmi: Íslenskukennari 1. Á skólasöfnum og almenningsöfnum voru viðtöl tekin við menntaða bókasafns- og upplýsingafræðinga. Vegna þess hve heitið bókasafns- og upplýsingafræðingur er langt og vísar ekki til vinnustaðar valdi ég að spara notkun þess og kenni viðkomandi við vinnustað, almennings- eða skólasafn. Nemendur eru skilgreindir eftir kyni. Foreldrar eru kyngreindir sem móðir eða faðir og tengdir barninu sínu í umfjöllun. Þegar vitnað er óbeint í viðmælendum í texta er númer þeirra haft í sviga á eftir lýsandi heiti. Dæmi: Bókasafns- og upplýsingafræðingur á almenningsafni (2) segir börnin helst sækja í að lesa spennu- og draugabækur. Á eftir beinum tilvitnunum og til að útskýra frekar við hvern er átt er lýsandi heiti viðmælanda haft í sviga. Dæmi: (almenningsafn 2).

Flestir viðmælendum voru konur, fyrir utan einn föður og þrjá drengi í nemendahópnum. Til að gera lesanda meðvitaðan um líffræðilegt kyn viðmælanda vísa ég til þess í umræðu en ekki starfsheitis sem eru öll í karlkyni. Dæmi: Íslenskukennarinn (3) las í nestistímum því hún taldi lesturinn hafa góð áhrif á lestraráhuga nemenda.

7. Niðurstöður

Við greiningu eigindlegra rannsóknargagna var leitað eftir meginþemum sem tengdust rannsóknarspurningunum þremur sem lagt var upp með. Niðurstöðum gagnagreiningar var skipt niður í þrjá meginkafla sem tilheyra sitt hverri rannsóknarspurningunni. Ítarlegri greining kallaði fram undirþemu. Hvert þeirra fékk lýsandi heiti sem birtist í titlum undirkafla. Við lok umfjöllunar um hverja rannsóknarspurningu eru niðurstöður teknar saman.

7.1 Lestur 10-15 ára nemenda

Hér verða dregnar saman niðurstöður sem falla undir rannsóknarspurninguna, Hvernig eru lestrarvenjur 10-15 ára nemenda? Fyrst verður greint frá mismunandi tilgangi nemenda með lestri. Síðan verður fjallað um lestur í frístundum. Sérstaklega verður hugað að því hvernig lestur í frístundum hefur þróast síðustu árin. Reynsla og væntingar kennara og foreldra til frístundalesturs barna verða skoðaðar. Augum verður beint að lesefni ungs fólks og að lokum verður gert grein fyrir því hvar það nálgast lesefni.

7.1.1 Tilgangur með lestri

Þegar nemendurnir voru spurðir, Hvernig er að lesa? Voru flestir á því að það væri gaman. Stúlka (1) setti varnagla við svarið þegar hún tók fram að það væri bara gaman ef það væru ekki erfið og löng orð í textanum. Drengur (3) sagði að það færi eftir því hvort hann lenti á skemmtilegum eða leiðinlegum bókum. Lesefnið þurfti að höfða til nemenda og vera á réttu þyngdarstigi svo þeir gætu notið þess. Þegar leið á viðtölin efaðist ég um að nemendurnir læsu fyrst og fremst vegna þess að þeir hefðu gaman af því. Ég var þess vör að þeir lásu frekar lítið í frístundum, sjá kafla 7.1.2. Meira bjó að baki lestri en skemmtanagildið.

Nemendurnir sem ég ræddi við lásu til að þóknast foreldrum og kennurum. Bækur sem þóttu leiðinlegar voru lesnar til enda jafnt sem aðrar (drengur 1). Nemendurnir lásu til að verða betri námsmenn. Kennari á skólasafni (2) sagði að ef nemendur ætli að bæta sig í námi sé einfaldasta leiðin að lesa. Þeir geti lesið

hvað sem er. „Hver vill ekki verða betri námsmaður?“ Þessi boðskapur átti greiða leið að hjörtum nemenda. Þeir vissu að lestur hefði góð áhrif á nám og lágu yfir námsbókum fyrir próf. Lestur færði þeim hærra einkunnir og betri málskilning. „Pabbi vill að ég sé duglegur að lesa því ég er ekki góður í orðaforða,“ sagði drengur (3) og stúlka (1) sagðist vilja lesa til að verða betri í lesskilningi. Nemendur lásu fyrst og fremst til að læra. Þeir lásu mest fyrir próf en síst sér til ánægju.

7.1.2 Lestur í frístundum

Margir foreldrar voru uggandi yfir litlum lestri barna og ræddu það við kennara. Skilaboðin báru þess merki að börnin hefðu lítinn áhuga á lestri. Sumir foreldrar sögðu börnin bara lesa skólabækurnar, ekkert annað. Kennarar verða varir við lítinn lestur nemenda í frístundum. Lestrarhegðunin hefur breyst í gegnum árin. „Því miður hefur línan bara verið niður á við,“ sagði kennari með 40 ára starfsreynslu á skólasafni (1). Henni finnst að börn lesi allt of lítið sjálfviljug. Bókasafns- og upplýsingafræðingur á almenningssafni (1) tók undir þetta. Íslenskukennari (1) sagði að yngri nemendur læsu frekar, síðan drægi úr lestrinum. „Þessir krakkar sem ég kenni á unglíngastigi biðja aldrei um að fara á safnið og fá lánaða bók en það var algengara að krakkar á miðstigi gerðu það.“ Margir nemendur í 8. og 9. bekk lesa orðið aldrei og strákar lesa síður sagði kennari á skólasafni (2). Annar sagði stráka vera meira í tölvuleikjum (skólasafn 5). Íslenskukennari (1) sá helst fyrir sér samviskusamar, rólegheita stelpur lesa. Væntingar kennara til lesturs nemenda í frístundum voru ekki miklar. „Að fá nemendur sem eru hæglæsir og lesa ekki mikið til að lesa heila bók er í raun mjög gott.“ (skólasafn 5). Íslenskukennara (1) á unglíngastigi þótti æskilegt að krakkar kæmst yfir að lesa eina bók á mánuði. „Það væri fínt þó það væri eitthvað aðeins minna. Tvær bækur á þremur mánuðum væri nokkuð gott.“

Um jól er mikið lagt í markaðssetningu bóka. Gjafirnar hitta ekki alltaf í mark og jólabækurnar eru ekki alltaf lesnar (íslenskukennari 1). Þegar ég ræddi við nemendur í lok janúar og spurði hvaða bók þeir hefðu verið að lesa síðast mundu fæstir eftir því. Sumir voru ekki enn byrjaðir að lesa bækur sem þeir höfðu fengið í jólagjöf (stúlka 1 og drengur 1) og þrír sögðust enn vera að lesa bókina sem var í jólapakkanum, meira en mánuði eftir að gjafirnar voru opnaðar (drengur 2, 3 og stúlka 2). Aðeins einn af sex nemendum (stúlka 3) var búin að lesa

jólabókina og kvartaði yfir því að hafa aðeins fengið eina bók í jólagjöf. Frásagnirnar báru vott um lítinn lestur í frístundum. Helmingur nemendahópsins átti að hafa áhuga á lestri en samt virtust flestir lesa lítið. Fyrir utan stúlku (3) sagðist drengur (1) lesa mikið. Hann las Syrpur sem hann var áskrifandi að.

Nemendurnir áttu það sameiginlegt að vilja lesa í herberginu sínu áður en þeir færu að sofa. Það var ekki algengt að þeir læsu reglulega. Lesturinn var meira hafður til uppfyllingar þegar ekkert var að gera. „Ég er ekki að lesa á hverjum degi. Ég les þegar mér leiðist og vinkonurnar mínar geta ekki leikið. ... Stundum les ég á kvöldin þegar ég get ekki sofnað,“ sagði stúlka (1) sem er hæglæs. Stúlkan las helst eftir tiltal foreldra. Faðir stúlku (3) sem las mikið lýsti lestri hennar sem hluta af daglegum venjum. „Hún les alltaf uppi í rúmi á kvöldin, það er eins sjálfsagt og að fara í náttfötin.“ Það var ekki alltaf samhljómur í frásögnum barna og foreldra. Börnin gerðu stundum meira úr lestrinum en foreldrarnir vildu viðurkenna. Móðir stúlku (2) sagði hana áhugalaus og lata við lestur en stúlkan sagðist hafa gaman af lestri.

7.1.3 Lesefni

Viðmælendur voru á því að nemendur læsu helst á Netinu og skoðuðu aðeins bækur og tímarit. „Ég held að þau séu fyrst og fremst að lesa eitthvað í tölvunni ... mjög lítið um að þau lesi sögubækur að sjálfsdáðum, nema eitt og eitt,“ sagði íslenskukennari (1) á unglíngastigi. Hún sagði Netið ýmist notað til að tengjast félögum eða afla sér þekkingar. Þau lesa hvað vinirnir eru að segja á „Facebook“. Lesturinn krefst ekki mikillar einbeitingar, rétt verið að skanna yfir hvað vinirnir eru að segja. „Á Netinu eru þau að lesa óvandaðan texta með einföldu orðalagi, slettum og styttingum.“ (Íslenskukennari 1). Þrátt fyrir að nemendurnir sem ég ræddi við hafi ekki haft aldur til að vera á fésbókinni voru margir byrjaðir að nýta sér þann miðil. Stúlka (1) sagðist fara með vinkonum sínum á fésbókina. Drengur (3) sagðist nýta síðuna til að tala við vini sína. Síðan var líka notuð til að spila tölvuleiki. Kennari á skólasafni (1) sem hefur jákvæða upplifun af lestri nemenda á Netinu segir nemendur fá fréttir um allt mögulegt annarsstaðar frá á Netinu og heimur þeirra verði stærri. Hún segir að krakkar sem eru „klárir og hafi áhuga“ nýti Netið til fróðleiks og lesi „gríðarlega“ mikið.

Þegar hugað er að bóklestri segir kennari á skólasafni (2) að þeir sem lesi mikið lesi alls konar bækur, allt það bitastæða sem komi út. „Þau vilja fá það sem

er nýtt og spennandi.“ (almenningsafn 1). Það kom fram hjá nemendum að ef bók var spennandi var setið lengur við lesturinn. „Spennandi bækur eru skemmtilegastar.“ (stúlka 2). Viðmælendur voru á því að strákar og stelpur löðuðust yfirleitt ekki að sömu tegund lesefnis. Stelpur læsu frekar bækur en drengir tímarit. Þeir lesa tímaritin Lifandi Vísindi, Sagan Öll og Íþróttablöð. Stelpurnar velja unglingsbækur, ástarsögur sem fjalla um stelpur og lífsreynslu þeirra á táningsaldri eru vinsælastar. Strákarnir sækja meira í fantasíur og glæpasögur. Íslenskukennari (1) segir að glæpasögur höfði jafnt til beggja kynja.

Aldurshópurinn 10-12 ára heldur sig talsvert við teiknimyndabækur, elska Sýrpu og Andrésblöð (Íslenskukennari 2). „Hópur yngri barna sem les mikið Sýrpuna þróast út í að lesa japanskar teiknimyndabækur [Manga] en sá hópur er frekar afmarkaður.“ (almenningsafn 2). Það eru frekar strákar sem laðast að Manga, japönsku teiknimyndabókunum. Þeir hella sér í lesturinn og taka alltaf stafla í einu segir bókasafns- og upplýsingafræðingur á almenningssafni (1) og þakkar fyrir að eiga mikið af slíkum bókum. Lestur teiknimyndasagna er góð „kveikja“ að öðrum lestri. Það kom fram hjá viðmælendum að nemendur eiga stundum erfitt með að þróa lestur yfir í efnismeiri bækur, það er barátta. Þegar nemendur ættu að vera að fíkra sig yfir í stærri bækur dregur úr lestraráhuga. „Mér finnst svo leiðinlegt að þau missi af öllum þessum flottu bókum.“ (almenningsafn 1). Í 5. og 6. bekk hanga slakir nemendur í Skúla skelfi og Kafteini ofurbrók og hafa gert síðan þeir voru sjö eða átta ára. Það er erfitt að fá þau upp úr léttlestrartextanum (skólasafn 2). Mörgum finnst afrek að lesa þykkar bækur. Drengur (2) sagði hróðugur frá því að hann hefði lesið Eragon [509 blaðsíður] á nokkrum mánuðum.

Íslenskukennari (1) segir ungt fólk fylgjast vel með ákveðnu efni í fjölmiðlum. Það les síður dagblaða sem tengjast áhugamálum og íþróttafréttum. En fylgist ekki vel með þjóðfélagsmálum og les lítið af almennum fréttum. Íslenskukennari (1) segir að ungt fólk eigi erfitt með að tjá sig um þjóðfélagsmál og hafi takmarkaðan áhuga á að fræðast um þau. Einn drengur (2) talaði um að hann læsi stundum Fréttablaðið. Hann skoðaði teiknimyndir og íþróttafréttir. Hann sagðist líka vera duglegur að lesa fréttir á Netinu, á visir.is og mbl.is.

7.1.4 Nálgun lesefnis

Bókasafns- og upplýsingafræðingur á almenningssafni (1) sér ungt fólk allt of lítið. Hún vonast til að það nýti skólasöfnin því það komi ekki til sín. Hún segir flest börn sem koma á almenningssafnið vera 9-12 ára. Þegar þau koma á gelgjuskeiðið dregur úr heimsóknum. Á unglingsárunum sjást þau ekki fyrr en þau eru komin í framhaldsskóla að ná sér í kjörbók (almenningssafn 1). Þegar nemendahópar koma í heimsókn í fylgd kennara kannast starfsmenn ekki við mörg andlit. Þeir þekktu einn dreng í árgangi nemenda í 7. bekk (almenningssafn 1). Almenningsöfn virðast vera fjarlægur kostur þegar nemendur sækja sér lesefni. Íslenskukennarar voru sammála því að nemendur virtust almennt ekki fá lánaðar bækur á almenningssafni hverfisins. Þeir nýttu frekar skólasöfnin og læsu bækur að heiman.

Íslenskukennari (1) á unglingastigi benti á að nemendur læsu oft bækur sem þeir ættu. Bókakostur heimilisins réði miklu um hvaða lesefni yrði fyrir valinu. „Það er ein stelpa hérna sem er að lesa allt safnið hans pabba síns.“ (Íslenskukennari 2). Það kom berlega í ljós að nemendur sóttu í að lesa bækur sem voru til heima. Stúlkan (1) sagðist oftast lesa bækur sem væru í bókahillunni sinni „Ég á þúsund bækur,“ sagði hún hróðug. Drengur (1) las mest Sýrpur sem hann átti heima. Annar (drengur 2) sagðist hafa gaman af bókum sem mamma hans og pabbi ættu og höfðu lesið sem krakkar. Þriðji drengurinn (3) sagðist líka helst lesa bækur sem væru til heima. Það kom á óvart að stúlka (3) sem las mjög mikið sótti einnig í hillur heimilisins í bókaleit. Hún sagði að þar væri fullt af nýjum og gömlum bókum. Móðir hennar hafði markvisst viðað að sér bókum sem hún hafði haft gaman af á barnsaldri og það kunni dóttirin að meta. Stúlkan (3) fór yfirleitt ekki á almenningssafnið nema í fylgd foreldra og sagði mömmu sína geyma bókasafnskortið í veskinu.

7.1.5 Samantekt

Nemendurnir sem rætt var við virtust skemmta sér við lestur ef lesefnið höfðaði til þeirra og væri á réttu þyngdarstigi. Þeir sögðust lesa lengur ef bækurnar væru myndnar og spennandi. Það kom einnig fram að nemendurnir lásu aðallega til að þóknast kennurum og foreldrum. Tilgangurinn með lestri virtist fyrst og fremst vera sá að læra. Margir foreldrar lýstu áhyggjum sínum yfir því að börnin læsu ekkert fyrir utan námsbækurnar. Kennarar sögðust finna fyrir því að lestur í

frístundum hefði dregist saman undanfarin ár, meira hjá eldri nemendum en yngri. Væntingar kennara til frístundalesturs nemenda voru heldur ekki miklar, gott ef þeir næðu að lesa tæpa bók á mánuði. Aðeins einn nemandi sem rætt var við las meira ef miðað var við lestur jólabóka. Nemendurnir lásu helst fyrir svefninn og þegar þeim leiddist. Þeir voru virkir á samskiptasíðum á Netinu. Kennarar segja þá skrá og lesa einfaldan texta sem geri ekki miklar kröfur til lestrarfærni en Netíð bjóði nemendum einnig tækifæri til að leita sér fróðleiks sem sumir nýti sér.

Þegar bóklestur var skoðaður vildu viðmælendur segja að nýjar og spennandi bækur væru vinsælastar. Þeir sögðu stúlkur frekar leita í að lesa bækur en drengi liggja í fræðsluritum og íþróttablöðum. Stúlkurnar laðist að lestri unglingsbóka sem fjalli um ástir og lífsreynslu unglingsstúlkna en þeir lesi helst ævintýri og glæpasögur. Glæpasögurnar voru einnig sagðar ganga vel í stúlkurnar. Kennarar sögðust finna að mikið drægi úr lestri á aldursbilinu 10-15 ára og yngri hópurinn héldi sig mikið við teiknimyndabækur. Sumir færðu sig yfir í japanskar teiknimyndasögur með aldrinum. Kennarar segja marga nemendur ekki ná að þróa lesturinn og festast í léttlestrarbókum. Þegar lesturinn ætti að þróast yfir í efnismeiri bækur finnst þeim margir nemendur glata áhuganum og það dragi mikið úr lestri, það telst til tíðinda ef nemandi klárar að lesa þykka bók. Í fjölmiðlum segir kennari að ungt fólk fylgist með efni sem tengist áhugamálum og íþróttum en fræðist lítið um þjóðmálin. Kennarar segja að nemendur nýti bókakost heimilisins þegar þeir nálgist lesefni og fari á skólasafnið. Viðmælendur urðu síst varir við að lesefni ungs fólks væri sótt til almenningsafna.

7.2 Þættir sem hafa áhrif á lestrarhegðun

Hvað getur haft áhrif á lestrarhegðun nemenda? er rannsóknarspurningin sem leitast verður við að svara í eftirfarandi kafla. Fyrst verður skipulag lestrarnáms skoðað og viðhorf gagnvart lestri sett í samhengi við námsgengi. Augum verður beint að mismunandi aðgangi nemenda að bókum. Ítök félaga og fjölskyldu verða könnuð. Að lokum verða áhrif hraða og togstreitu skoðuð á einbeitingu og lestur.

7.2.1 Lestrarnám

Það kom fram að skýr stefna og samfella í lestrarnámi væri nauðsynleg annars biði námið hnekki. Kennurum finnst þeir vera að „stelast“ ef þeir gefa nemendum góðan tíma í lestur á mið- og unglingsstigi (íslenskukennari 2). Íslenskukennari

(2) segir kennara á yngsta stigi skila af sér nemendum sem séu fluglæsir. Á miðstigi dregst lestrarkennslan saman með slæmum afleiðingum.

Svo er eiginlega ekkert gert fyrr en í 7. bekk þegar farið er að æfa sig að lesa fallega upphátt fyrir upplestrarkeppnina Þá er lögð ofur áhersla á lestur Ég er sannfærð um það að við eigum að vera duglegri á miðstiginu að halda áfram með lestrarkennslu (íslenskukennari 2).

Kennarar segja nemendur þurfa aðhald og eftirfylgni alla grunnskólagönguna til að lesturinn þróist. Á unglingastigi þurfa þeir að lesa fornsögur og skrifa bókmenntaritgerðir. Það gengur ekki vel ef slaknað hefur á lestrarþjálfuninni.

Í grunnskólum þar sem mikil áhersla er á lestur og stefnan skýr hefur starfið góð áhrif á lestrarfærni nemenda, þeir eru látnir lesa. Það þarf að varast að láta nemendur einungis lesa námsbækur því þá koðnar sjálfstæður lestur niður segir íslenskukennari (2). Stúlka (3) sem er mikill „lestrarhestur“ segir að stundum sé álagið í skólanum það mikið að hún hafi aðeins tíma fyrir námsbækurnar. Þegar lestrarverkefni var skipulagt var meiri tími gefinn í frjálsan lestur. Þá lásu krakkarnir meira í skólanum og heima. Kennari á skólasafni (1) er sannfærð um að ef ungt fólk er markvisst hvatt til að lesa njóti það lesturs í auknum mæli.

Við erum með mælitæki, Skólapúlsinn. Það kom dálítið forvitnilega út í fyrra. Þar var spurningin, Hefurðu ánægju af lestri? Þetta var tekið í byrjun nóvember. Á sama tíma og lestrarátak var að fara í gang. Þá kom bara hrap, nei. Þau höfðu sko ekki ánægju af lestri. Svo var tekin [könnun] seinna um veturinn. Þá hafði ánægja af lestri aukist og var komin upp fyrir landsmeðaltal. Mín hugmynd er sú að um leið og lestrarátak er sett í gang þá er neikvæðni af því að það er skylda að lesa. Þegar það er búið þá hafa margir uppgötvað ánægjuna af því að lesa (skólasafnskennari 1).

Hún segir að viðhorf nemenda sem séu duglegir að lesa verði jákvæðari gagnvart lestri og lesturinn aukist í takt við það. Í kjölfar lestrarátaka finna kennarar fyrir auknum útlánnum á skólasöfnum (1).

Það kom fram að áhrif lestrarhvetjandi starfs virðast meiri hjá nemendum sem lesa ekki mikið. Kennari á skólasafni (2) telur stráka lesa minna. „Skýringin á því gæti verið að við erum ekki nógu dugleg að halda lestri að strákum. Viðhorfið sé meira að stelpur kúri og lesi.“ Stúlka (3) í 6. bekk var á því að stúlkur læsu almennt meira en strákar. Henni fannst lestrarverkefni hafa meiri áhrif á strákana. „Það breyttist helst að margir strákar fóru að fá sér bækur og lesa meira en vanalega.“ Forvitnilegt væri að kanna hvort munur á lestri kynjanna gæti minnkað

við meiri áherslu á lestur á mið- og unglíngastigi jafnframt því sem lestur myndi almennt aukast hjá nemendum.

Kennarar á skólasöfnum taka virkan þátt í að efla lestur nemenda. Kennara á skólasafni (1) finnst auðveldara að virkja nemendur sem hafa getu til að lesa en lesa lítið vegna áhugaleysis og segir gengi í lestrarnámi ráða miklu um viðhorfin sem skapast. „Neikvæða viðhorfið er meira hjá þeim sem hafa lent í erfiðleikum með lestrarnámið ... þeim finnst þetta bara erfitt.“ (skólasafn 1). Nemendur sem lesa lítið festast í vítahring. Til að efla lestrarfærni og jákvæðni þurfa kennarar að vera úrræðagóðir og vakandi yfir fjölbreyttum nálgunum. Lestur tímarita hjálpar mörgum. „Það er stór hópur af strákum í 7. bekk sem ekkert lesa sem liggja í blöðunum.“ (skólasafn 2). Áhugi getur vaknað við lestur bóka sem tengjast öðrum miðlum. „Þeim finnst mjög gaman að taka bækur sem þeir vita að til er kvikmynd um, þá horfa þeir á myndina líka.“ (skólasafn1). Undir þetta tók hæglaes stúlka (1) með slakan lesskilning. Hún hafði gaman af sögu sem hafði verið kvikmynduð. „Það er skemmtilegt að lesa bókina og gá hvað er ekki gert í myndinni. Þá verður þetta svo spennandi þótt maður hafi séð myndina þúsund sinnum.“

Samfara lestrarerfiðleikum er lesskilningur yfirleitt slakur og nemendur njóta lestursins síður (Íslenskukennari 1). Kennarar reyna að bregðist við þessum vanda. „Við þjálfum þau í gagnvirkum lestri þannig að þau öðlist meiri lesskilning“ (Íslenskukennari 1). Börn með athyglisbrest geta einnig átt erfitt með lestur. Það þarf að gefa þeim tíma því þau geta verið lengi að sökkva sér niður í lesturinn og stuttar lestrarlotur henta þeim illa (Íslenskukennari 2). Ljóst er að kennarar þurfa að vera úrræðagóðir þegar hugað er að lestri nemenda.

7.2.2 Aðgangur að bókum

Íslenskukennari (2) segir að börn sem hafa góðan aðgang að bókum á heimili lesa frekar. Í kafla 7.1.4 kom fram að nemendur voru duglegir að nýta bókakost heimilisins. Kennarar sem sóttir voru heim vissu að gott úrval bóka og tímarita í kennslustofum hefði góð áhrif á lestur nemenda og voru með bóka og blaðahillur í stofunum. Ævintýraljómi lá yfir frásögn Íslenskukennara (2) af skóla sem fékk stóra bókagjöf. Allar stofur voru fylltar af bókum. Í kjölfarið jókst lestur nemenda og skólinn varð frægur fyrir framfarir nemenda í lestri.

Í skóla sem byggir á sterkri lestrarhefð er þess gætt að hafa bækur aðgengilegar fyrir nemendur. Hver nemandi er með bók að eigin vali í

kennslustofu. „Ef það kemur dauð stund á nemandinn að geta kippt til sín bók og lesið.“ Nemendurnir fá einnig að hafa 2-3 bækur af skólasafninu heima. Til að auðvelda nemendum aðgang að bókum er skólasafnið opið allan skóladaginn nema í fyrstu frímínútunum á morgnana (skólasafn 2). Opið aðgengi að skólasöfnum er grundvallarþáttur fyrir lestur nemenda. Það sýndi sig þegar skólasafni var lokað í fjórar vikur. Það hafði slæm áhrif á lestur nemenda. Íslenskukennari (3) fann áhrifin á nemendum og sagði áhuga þeirra á lestri hafa fjarað út þegar þeir höfðu ekki greiðan aðgang að safni skólans. Stúlka (1) lýsti upplifun sinni „Það var svolítið skrytið þegar bókasafnið lokaði því þá var ekki hægt að fara og fá lánaðar bækur. Allir pössuðu að taka langa bók áður en safnið lokaði.“ Lokunin hafði þau áhrif að sumir hættu að lesa. Drengur (3) sagðist hvorki geta fengið bók í skólanum né heima. Lykilatriði fyrir lestur nemenda er að þeir hafi greiðan aðgang að bókum. Opið aðgengi að skólasafni er þáttur í því.

Á aðhaldstímum síðustu ára hefur fjármagn til bókakaupa í grunnskólum dregist saman. Þjónusta við nemendur skerðist þegar áskrift að vinsælu efni er sagt upp. Skólasafni (5) var úthlutað 100 þúsund krónum til bókakaupa yfir skólaárið. Á sama tíma leitaði breiður hópur eftir þjónustu safnsins, nemendur í 1.-10. bekk og starfsfólk skólans. Nemendur urðu vonsviknir frá að hverfa er þeir gátu ekki sótt sér vinsælt lesefni, það var ekki til.

Núna eru þetta skáldsögur, eitt eintak er reglan, einstakt ef fleiri eintök eru keypt. Breyting frá því sem var áður, þá keyptu fleiri skólar nokkur eintök af bókum sem vitað var að yrðu vinsælar. Nú þurfa nemendur að bíða eftir vinsælustu bókunum Verður til þess að margir gefast upp á biðinni (skólasafn 4).

Áhrif takmarkaðs fjármagns á skólasöfn og lestur nemenda eru dapurleg. Mikilvægt er að vanda val þeirra fáu bóka sem efni standa til að kaupa. Sum söfn hafa leitað eftir áliti nemenda. „Ég er með kassa sem ég set upp og bið þau um að koma með tillögur að bókakaupum.“ (skólasafn 2). Einhverjir skólar hafa boðið upp á valáfanga sem tengjast lestri. Nemendur hafa þá markvisst fengið að taka þátt í að velja bækur á skólasafnið. Þeir þurftu ekki aðeins að taka tillit til eigin þarfa við valið. Þeir urðu einnig að hugsa út í hvaða bækur hentuðu hverju aldurstigi og nemendum sem stóðu misjafnlega í lestri (skólasafn 4).

Það bætir ekki ástandið að skort hefur lesefni fyrir eldri krakka með lestrarerfiðleika. Það hefur ekki verið til. „Námshastofnun er núna að taka sig á með að gefa út léttar lestrarbækur fyrir unglíngastigið.“ (skólasafn 1). Hver og

einn verður að geta notið þess að lesa á sínum forsendum. Kennara á skólasafni (2) finnst erfiðast að koma á móts við þá sem finnst leiðinlegt að lesa og finna engar skemmtilegar bækur. Í erfiðustu tilfellunum hefur hún tekið nemendur með sér í bókabúðir og leyft þeim að velja. Hún hefur einnig beðið foreldra um að fara með börnin á almenningssafnið. Þar sé meira úrval en á skólasafninu. Börnin megi taka fleiri bækur í útlán og þjónustan sé frí ef skilað er á réttum tíma.

Á almenningssöfnum er starfsfólk sem hefur góða þekkingu og leggur mikið á sig til að styðja gesti við bókval. „Ég les allar barnabækur svo ég viti hvernig þær eru og geti leiðbeint.“ (almenningsafn 1). Vandinn liggur hins vegar í því að 10-15 ára nemendur láta lítið sjá sig. Þau koma stundum í leit að einhverju sem þau hafa séð á skólasafninu (almenningsafn 2). Af ummælum nemenda, kennara og starfsfólks almenningssafna liggur í augum uppi að bókakostur almenningssafna er vannýtt auðlind. Það þyrfti að kynna almenningssöfnin betur. Aðgangur að þeim er opinn en nemendur veigra sér við að nýta þjónustuna. Íslenskukennari (2) og bókasafns- og upplýsingafræðingur á almenningssafni (2) segja fastan lið í skólafninu að kynna almenningssöfn fyrir 10 ára nemendum. Fræðslan virðist samt ekki skila sér í aðgengi nemenda að safninu. „Ég kann ekkert á almenningssafn,“ segir drengur (3) í 6. bekk sem vill ekki nýta safnið vegna þekkingarleysis. Íslenskukennari (2) í 6. bekk vissi ekki um nema 3-4 af þeim 50 nemendum sem hún kenndi sem fengu reglulega lánaðar bækur á almenningssafninu. Lítið brot nemenda virðist nýta sér aðgang að almenningssöfnum og þyrfti sannarlega að gera bragarbót á því.

7.2.3 Viðhorf félaga og fjölskyldu

Nemendur tala ekki mikið um bækur, „svólítið“. Þeir vita hverjir eru mestu lestrarhestarnir og hafa gaman af að heyra hvað þeir eru að lesa segir kennari á skólasafni (2). Þegar þeir eldast minnkar oft áhugi á lestri og umræða um bækur virkar ekki töff. „Það eru helst stelpur sem tala um bækur sín á milli.“ (almenningsafn 2). Bækur voru ekki til umræðu meðal nemendanna í 6. bekk. Stúlka (1) sagði blákalt að þau ræddu ekki um bækur því þau væru ekki að fá lánaðar bækur til að lesa. Breytinga varð vart þegar aukin áhersla var lögð á lestur í skólafninu. „Það var talað saman um bækur á meðan lestrarverkefnið stóð yfir.“ (drengur 1). Lesturinn varð viðurkenndari. Sumir vilja ekki láta það spyrjast út að þeir hafi gaman af lestri. Stúlka í unglingsdeild vildi ekki mæla með góðri

bók við bekkjarfélagana því hún vissi af áhugaleysi þeirra. Hún hvatti þess í stað íslenskukennarann (1) sinn til að lesa góða bók sem hún hafði nýlengi við. Unglingar eru viðkvæmir fyrir skoðunum annarra og áhrifagjarnir. Þeir vilja falla inn í hópinn og verða gjarnan fyrir áhrifum hópþrýstings. Ólíkur andi skapast innan bekkja gagnvart lestri. Kennari á skólasafni (2) segir að ef einstaklingar sem eru sterkir náms- og félagslega hafi gaman af lestri yfirfærast það út í bekkinn. Þá er rætt opin skátt um að það sé gaman að lesa. Í öðrum bekk getur lestur verið út úr kortinu. „Þar les enginn og þau fáu sem lesa þora ekki að segja það.“ Ef það viðhorf skapast að það sé „ofboðslega hallærislegt að læra“ yfirfærast það á einstaklinga hópsins. Saga unglingspilts er slæmt dæmi um áhrif hópþrýstings. Frá sjö ára aldri kom hann nær daglega á almenningssafnið. Eftir að hann varð unglingur dró mikið úr heimsóknum. Krakkarnir gerðu grín að honum. Þabinn kom nú á safnið til að fá lánaðar bækur fyrir drenginn. Honum fannst glatað að barnið vildi ekki láta sjá til sín lesa. Drengurinn þorði ekki að láta fréttast að hann færi á bókasafnið. „Það var ekki töff og kúl að fara á safn og hafa gaman af því að lesa bækur.“ (almenningsafn 2). Það þyrfti að gera lestur og bókasöfn að áhugaverðari kosti í augum unglunga. Kennari á skólasafni (2) telur að sterkar fyrirmyndir hafi góð áhrif á lestur nemenda því þeir þarfnist fyrirmynda. Hún heldur utan um lestrarskrár nemenda sem hafa staðið sig vel í lestri og segir sögur af þeim til að hvetja aðra áfram við lesturinn.

Eftir því sem börn verða eldri fer meiri tími í annað afþreyingarefni en lestur og á sama tíma minnkar aðhald foreldra. Foreldrar fá lánaðar bækur fyrir yngri börn. Þegar börnin eru orðin læs slaknar á þessu. Þau eru orðin læs og eiga að sjá um þetta sjálf (almenningsafn 1). Þrátt fyrir að börn teljist þökkalega læs virðast þau ekki alltaf tilbúin til að verða sjálfstæðir lesendur. Kennari á skólasafni (2) segir að samstarf við foreldra mætti vera betra eftir að yngsta stigi sleppi. „Margir hugsa að barnið sé orðið læst, punktur.“ Kennarar þurfa að vera í góðu samstarfi við foreldra og láta þá vita af áherslum í bókmenntum og lestri. Íslenskukennari (1) segir að vekja þurfi foreldra til umhugsunar um mikilvægi lestrarhvatningar. Ekki aðeins þegar börnin eru að ná tókum á lestri heldur einnig þegar stefnt er að því að efla lestraráhugann til frambúðar. Íslenskukennari (2) sagði foreldra almennt vera ánægðar með að börnin lesi bækur á skólatíma. „Ég sagði hvað við værum að eyða miklum tíma í þetta og ég fékk ekki neinar

athugasemdir. ... ég finn bara jákvæðni frá foreldrum.“ Hún nýtir 15-20 mínútur í frjálsan lestur í byrjun íslenskutíma í 6. bekk sem eru fjórum sinnum í viku.

7.2.4 Hraði og togstreita

Þegar ég spyr íslenskukennara (1) hvað einkenni þá sem hafa gaman af lestri á hún erfitt með að skýra það. Hún segist muna eftir allt of fáum. Sér kannski einn eða tvo fyrir sér af hátt í 100 nemendum. Hún segir að ungt fólk í dag hafi mikið að gera. Það séu margir þættir sem togist á um athyglina og lestur virðist oft lúta í lægra haldi. Ungt fólk er vant hraða í tengslum við afþreyingaefni í tölvum og ljósvakamiðlum. Íslenskukennari (2) telur hraðann í þjóðfélaginu hafa áhrif á bóklestur og segir að ungu fólki skorti þolinmæði. Það gefur sér ekki tíma til að komast inn í söguþráð og vill oft hætta lestri á fyrstu blaðsíðunum. Þeim þarf að vera ljóst að það tekur tíma að komast inn í söguþráð. Það er ekki hægt að mynda sér skoðun á bók fyrr en eftir lestur 30-40 síðna (íslenskukennari 2).

Nemendurnir sem rætt var við lásu helst á kvöldin. Tvennt réði mestu um kvöldlesturinn. Annar þátturinn var sjónvarpsáhorf og hinn tölvunotkun. Þeir sem höfðu aðgang að sjónvarpi í herbergi, eða fengu að vaka lengi yfir því lásu síður. Tölvunotkunin virtist einnig vera mikill tímaþjófur og skerti lestrarstundirnar. Nemandi (drengur 1) setti sig í spor foreldra þegar hann orðaði slæm áhrif tölvunnar. Hann sagði að ekki ætti að leyfa krökkum að vera í tölvu nema þeir væru duglegir að lesa. Þegar nemendurnir fóru seint í bólið gafst ekki tími í lestur. Þá þrjóskudust aðeins mestu lestrarhestarnir við eins og faðir stúlku (3) sem les mikið lýsti „Þrátt fyrir að vera sein fyrir er samt lesið, einn kafli eða svo.“

Kennararnir sem rætt var við áttu í mikilli innri baráttu við skipulag lestrarkennslu á mið- og unglingastigi. Mótun lestrarhegðunar til langframa er tímafrek og varð ég vör við togstreituna sem kom upp hjá kennurum þegar þeir vildu sinna lestri vel en annað námsefni beið yfirferðar. „Ég veit að það er þetta sem skiptir máli, samt er ég einhvern veginn föst í því að ég eigi að halda mér við það að þau geti fullgreint sagnorðin þótt ég viti hvað er mikilvægara.“ (íslenskukennari 1). Annar íslenskukennari (2) sagðist ætla að hætta að hafa samviskubit yfir námi sem sæti á hakanum því hún trúði að aukinn tími í lestur skilaði sér. Hún vitnaði í rannsóknir sem sýndu fram á mikilvægi þess að halda lestri inni og varð fyrir vikið öruggari með þá ákvörðun. Hún sagði nemendur hafa

komið vel út í samræmdum prófum í 7. bekk. Það mætti þakka reglubundnum lestrarstundum.

7.2.5 Samantekt

Kennarar telja skýra lestrarstefna auka líkur á farsælu lestrarnámi og öryggi kennara í starfi. Í kjölfarið segja þeir að lestur nemenda og jákvæðni gagnvart lestri eflist. Kennarar telja líklegra að drengir eigi í lestrarerfiðleikum en þeir taki líka hraustlega við sér þegar þeir gefa sig í lesturinn. Kennarar segjast þurfa að vera úrræðagóðir þegar stefnt er að því að glæða lestraráhuga nemenda og þeir reyna ýmsar leiðir. Lestur tímarita eða bóka sem hafa verið kvikmyndaðar hafa komið mörgum af stað og gagnvirkur lestur er kenndur til að bæta lesskilning. Auk þess sem gefa þarf nemendum góðan tíma í lestur.

Viðmælendur voru sammála um að aðgangur að fjölbreyttu lesefni á heimilum hefði góð áhrif á lestur. Þeir segja nemendur lesa frekar sem geta auðveldlega gripið í bók. Opnunartími skólasafna ræður miklu um aðgang nemenda að lesefni. Lokað safn lánar ekki bækur. Það kom skýrt fram hjá viðmælendum að takmarkaður aðgangur að skólasafni hafði slæm áhrif á lestur nemenda. Á aðhaldstímum dregur úr innkaupum og nemendur finna síður nýtt og spennandi lesefni. Kennarar segja að um tíma hafi skort léttlestrarefni fyrir nemendur sem eigi í lestrarerfiðleikum á unglingastigi. Það kom fram að fáir nemendur nýttu bókakost almenningssafna og söfnin virtust vera vannýtt auðlind sem þyrfti að kynna betur.

Viðhorf sem myndast gagnvart lestri í félagahópum ráða miklu um lestur einstaklinga. Neikvæð viðhorf til lesturs hefur slæm áhrif. Fáir þora að tala um bækur, láta sjást til sín lesa eða fara á bókasafn við slíkar aðstæður. Kennarar telja aukna áherslu á lestur í skólastarfi ýta undir umræður um bækur meðal nemenda og jákvæð viðhorf gagnvart lestri haldi frekar velli. Margt togast á um athygli nemenda. Foreldrar þurfa að vera vakandi yfir lestri barna, styðja þau við bókval og hvetja alla grunnskólagönguna. Það kom fram að tími sem ætlaður er í lestur skertist vegna sjónvarpsáhorfs og tölvunotkunar. Auk þess sem nemendum skorti þolinmæði í lestur. Þeir vildu oft gefast upp á lestri á fyrstu blaðsíðunum. Togstreita einkennir starf kennara þegar þeim finnst þeir ekki geta sinnt lestrarkennslu nægilega vel.

7.3 Margar myndir lestrarhvatningar

Hvernig er hægt að hvetja ungt fólk til að lesa? er síðasta rannsóknarspurningin sem leitast verður við að svara. Hún tengist fyrri spurningu þar sem þættir sem hafa áhrif á lestrarhegðun voru til skoðunar. „Það er mikið talað um slæmt ástand og fólk er svolítið ráðalaust ... er að reyna eitthvað.“ segir íslenskukennari (1) sem finnst vanta meiri umfjöllun um lestrarhvatningu. Hér verða lögð orð í þann belg. Fyrst verður fjallað um mikilvægi fyrirmynda, að nemendur sjái og hlusti á aðra lesa. Næst verður tekið á þörf nemenda að fræðast um bækur og leiðir að því. Athyglinni verður síðan beint að lestrarverkefnum þar sem nemendum eru settar skorður og stýrt að lestri ákveðinna verka. Fjallað verður um gildi reglubundinna lestrarstunda á skólatíma og styttri átaksverkefna í lestri. Augum verður beint að þýðingu skráningar daglegs lesturs. Rýnt verður í jákvæð áhrif menningar og miðla á lestur. Næst verður athygli vakin á verkefnum sem tengjast lestrarhvatningu á landsvísu. Að lokum verður tæpt á samstarfi almenningssafna og grunnskóla og hvernig sameinaðir kraftar geta nýst til lestrarhvatningar og miðlunar lestrarhvetjandi verkefna.

7.3.1 Fyrirmyndir

Það kom fram hjá viðmælendum að börn þurfi að skynja að lestur sé stundaður og viðurkenndur í umhverfi þeirra. „Mörg börn sjá aldrei fullorðna lesa.“ (skólasafn 4). Lestur foreldra hefur áhrif en ekki er algilt að lestraráhugi foreldra og barna haldist í hendur. „Ef þeir lesa ekkert þá lesa þau ekkert en oft dugar það ekki til þótt foreldrarnir lesi, þá lesa börnin ekkert endilega.“ (íslenskukennari 1). Það á ekki aðeins að huga að lestri nemenda. Gjarnan má virkja starfsfólk, láta það setjast niður og lesa ef það á lausa stund. „Allir að lesa allsstaðar.“ (skólasafn 4).

Nemendur njóta þess að láta lesa fyrir sig þó þeir séu sjálfir orðnir læsir. Þeim finnst „spennandi“ að hlusta á lestur og líta á það sem „frí“ frá námi þrátt fyrir að verið sé að kynna námsefni (íslenskukennari 1). Kennarar lesa oft fyrir nemendum í nestistímum (skólasafn 4). Á unglingastigi fara nemendur ekki út í frímínútur. Þeir eru inni og nýta tímann í nesti og „nestissagan“ hefur runnið sitt skeið. Bókasafns- og upplýsingafræðingur á almenningssafni (1) leggur áherslu á að grunnskólakennarar fái fræðslu um barnabækur. Þá verða þeir betur í stakk búnir að vekja athygli á góðum bókum. „Þeir þekktu ekkert þessar bækur,“ segir hún um kennara sem komu í stríðum straumum og spurðu, „Hvað á ég að lesa í

nestistímanum?“ Kennari á skólasafni (2) skráði bækur og flokkaði eftir árgöngum. Það hafði góð áhrif á lestur kennara í nestistímum. Tölvutæknin auðveldar kennurum að láta nemendur hlýða á lestur. Þeir geta farið á Netið og látið tölvuna lesa. „Nemendur í 8. bekk hlustuðu á þjóðsögur hjá mér á morgnana í svartasta skammdeginu. Það fannst þeim mjög spennandi. ... Við þurfum að passa upp á að láta þau hlusta, ekki bara að þau lesi sjálf.“ (Íslenskukennari 1).

7.3.2 Kynning á lesefni

Íslenskukennari (1) á unglíngastigi gafst upp á að bjóða nemendum lestrarstundir. Þeir voru ekki virkir og afsökuðu sig með að benda á að ekki væri til spennandi lesefni á skólasafninu. Þeir höfðu óljósar hugmyndir um það sem þá langaði að lesa. Stúlka (2) taldi að ef krökkum væri sagt frá skemmtilegum bókum myndu þeir frekar lesa. Það kom einnig fram að foreldrar vilja að börnum sé leiðbeint við bókval. Móðir (drengur 1) sagði að það þyrfti að sýna nemendum markvisst hvar þeir gætu fundið lesefni sem þeir hefðu áhuga á. Önnur móðir (stúlka 1) tók undir þetta og sá fyrir sér að kennari á skólasafni og íslenskukennari sameinuðust um ráðgjöfina. Annar aðilinn þekkti vel bækur en hinn barnið. Mikilvægt er að fagfólk aðstoði nemendur við val lesefnis. Kennari á skólasafni (3) segir að allir kennarar þurfi að vera vakandi yfir því að kynna bækur fyrir nemendum. Gott samstarf við starfsmann skólasafns styrkir það starf. Hún segir að ef skipulag er gott á bókmenntakynningum og lestri á mið- og unglíngastigi komi það fram í auknum lestri nemenda. Ef bækur eru kynntar markvisst aukast líkur á því að hver og einn finni lesefni við hæfi og áhugi á lestri dafni. Íslenskukennarar (1 og 2) eru sammála þessu og segja að kennari á skólasafni geti ráðið miklu um lestur nemenda. Skólasafnskennarinn þarf að veita aðstoð við bókval að fyrri bragði því nemendur geta verið tregir að sækja eftir aðstoð. Nemendurnir sem rætt var við sögðust ekki hafa óskað eftir stuðningi við val á lesefni. Kennari á skólasafni (1) segir að nýir nemendur veigri sér við að biðja um hjálp. Þeir leita frekar eftir aðstoð ef þeir hafa áður fengið ráðgjöf. Kennari á skólasafni (2) segist hafa unnið traust nemenda og fær nú stöðugt spurningar frá þeim. Hún segir þeim frá uppáhalds bókunum sínum og reynir að örva þá til að segja frá góðum bókum.

Hvetja þarf nemendur til að ræða um lesefni. Lestraráhugi smitar út frá sér segir íslenskukennari (2) á miðstigi. Þau eru bestu dómarnir og krakkar taka tillit til álits félaganna. „Það skiptir máli þegar einhver les og segir frá bók sem

krakkarnir taka mark á, þá er sú bók lesin.“ (almenningssafn 1). Drengur (3) sem sagðist vera að lesa bækurnar um Frans byrjaði á því vegna þess að hann frétti í skólastofunni að þetta væru skemmtilegar bækur. Íslenskukennari (2) bað dreng sem var sterkur náms- og félagslega að halda bókakynningu. Kynningin virkaði vel á hina strákana. Æskilegt er að virkja nemendur í bókaspjalli. Á skólasafni (2) er gengið á röðina og nemendur segja frá bókum sem þeir eru að lesa. „Það virkar langbest. Ég geri þetta markvisst svo nemendur uppgötvi góðar bækur. Bækurnar ganga á milli. Það er beðið eftir að þær losni.“ Í unglingadeild var lögð áhersla á bókaumfjöllun. Nemendur dvöldu á skólasafni og ræddu við yngri krakka um bækur. Það hafði jákvæð áhrif á lestur þeirra sem á hlýddu og eldri nemendur sem voru í ráðgjafahlutverkinu (skólasafn 4). Umræða um bækur virðist örva lestur.

Bókakynningar geta verið margvíslegar. Vert er að veita starfi í myndveri Hvassaleitisskóla athygli. Þar eru bókakynningar teknar upp. Íslenskukennari (3) fór þangað með nemendur í 6. bekk. Það hleypti lífi í lesturinn og hafði góð áhrif á bókaumræðuna. Stúlka (1) sagði að bekkjarfélagarnir hefðu rætt mikið saman um bækurnar sem þeir ætluðu að kynna og hvaða bækur væru skemmtilegar. Móðir sagði son (2) sinn hafa verið áhugasaman að fá að taka upp bókakynningu og það hafi hvatt hann áfram í lestrinum.

Spenna sem skapast í kringum nýjar bækur var nýtt sem drifkraftur fyrir bókakynningu nemenda í 7. bekk þegar þeir fengu nýútkomnar bækur í hendurnar og skrifuðu umsagnir um þær. Kynningar voru hengdar upp á skólasafni. Þær voru aðlaðandi og nemendur leituðu í þær þegar þeir fengu loks að nálgast nýju bækurnar (skólasafn 4). Viðmælendur segja bókakynningar nemenda vera lestrarhvetjandi því þeir taki mark á skoðunum hvers annars. Kynna þarf eldri bækur sem hafa verið vinsælar fyrir nýjum kynslóðum. Ef þær fá ekki umfjöllun geta þær fallið í gleysku. Íslenskukennari (2) sem las upp úr Jóni Oddi og Jóni Bjarna fyrir nemendur í 7. bekk fékk þau svör að enginn kannaðist við að hafa lesið bækurnar. „Þær höfðu dottið út.“

Bókakynningar rithöfunda vekja lukku. Þeir lesa upp úr sínum bókum eða annarra. Eftir að hafa farið með nemendur á slíka kynningu fann íslenskukennari (1) fyrir auknum áhuga. „Þau fóru að spyrja heilmikið út í þessar bækur.“ Heimsóknir rithöfunda eru kostnaðarsamar og stundum afþakkaðar á þeim forsendum „Það vantar peninga til þess að kaupa bækur í skólana og taka á móti skáldum.“ Einstaka höfundar hafa komið í skóla án þess að taka greiðslu.

„Þorgrímur Þráinsson kom að auglýsa bókina sína. Það kostaði ekki neitt. Það var voðalega gaman og þau voru hrifin. Hann náði vel til þeirra.“ Það mættu fleiri rithöfundar taka hann til fyrirmyndar og halda fríar bókakynningar í grunnskólum sagði íslenskukennari (1). Þær vekja athygli nemenda og eru ígildi auglýsinga.

7.3.3 Stýrt bókval

Til að glæða lestraráhuga nemenda eða kynna ákveðnar bókmenntir eða höfunda fyrir þeim hafa kennarar skipulagt lestrarverkefni innan afmarkaðs ramma. Fyrirmæli um að lesa glæpasögu eftir íslenskan höfund er dæmi um slíkt. Kennari á skólasafni (3) segir 12 ára nemendur fá kynningu á þremur íslenskum höfundum. Þeir mega velja bók eftir einhvern þeirra. Þess var gætt að bækurnar væru á ýmsu þyngdarstigi svo allir ættu gætu valið bók eftir getu. Efni bókanna var fjölbreytt og þannig var komið á mótis við ólíkan áhuga nemenda. Kennari á skólasafni (3) sagði að stýrt val á bókum innan ákveðins ramma hefði góð áhrif á lestur nemenda. Það víkkaði sjóndeildarhring þeirra. Áhugi væri vakinn á rithöfundum og bókaflokkum sem hefðu líklegt ekki verið lesnir án kynningar.

Þema lestrarverkefna geta tengst öðrum námsgreinum. Nemendur í 6. bekk lásu bækur eftir norræna höfunda í tengslum við námsefni í samfélagsfræði. Íslenskukennari (3) sagði að kosturinn við slíkt verkefni væri að nemendur uppgötvuðu nýja höfunda. Bækur sem þeir höfðu annars ekki veitt athygli urðu vinsælar á ný. „Allar sögurnar um Bert fóru í útlán en þær voru nánast hættar að hreyfast áður en norræna lestrarverkefnið fór í gang.“ (skólasafn 3). Faðir stúlku (3) sagði það hafa verið erfitt fyrir dóttur sína að velja bækur eftir ákveðnum forsendum. Hún hafi ekki mikið hugsað út í hvaðan bækurnar kæmu og það var ný upplifun sem fylgdi verkefninu. Það opnaði nýja vídd hjá henni. Hann var viss um að verkefnið ætti eftir að styrkja hana við að móta skoðanir sínar á bókmenntum í framtíðinni. Eftir að lestrarverkefnið hafði runnið sitt skeið héldu margir nemendur áfram að lesa bækur frá Norðurlöndunum.

Flokkaðir leslistar auka líkur á að nemendur finni lesefni við hæfi og kynnist fjölbreyttum bókmenntum. Listarnir eru sérstaklega kynntir fyrir nemendum og þeir velja að lesa bækur af þeim sem vekja áhuga. Leslistarnir eru markvisst notaðir til að þroska og móta skoðanir nemenda á lesefni (skólasafn 1).

Það reynist oft þrautin þyngri að hvetja nemendur áfram sem eiga í lestrarerfiðleikum. Vel heppnað lestrarhvetjandi verkefni fyrir slaka nemendur var

skipulagt í formi framhaldslesturs. Nemendurnir fengu sömu söguna. Kennarinn las einn kafla svo lásu nemendurnir næstu kafla heima (Íslenskukennari 1). Til að halda söguþræði þurftu þeir að lesa á milli þess sem kennarinn las. Kennarinn varð nemendunum góð fyrirmynd í lestri. „Þeir vilja að ég lesi.“ (Íslenskukennari 1). Vandí sem getur staðið þessari aðferð fyrir þrifum er að fá nægilega mörg eintök fyrir stóra námshópa. Kennarar hafa leitað til Skólasafnsmiðstöðvar og nágrannaskóla til að safna eintökum.

7.3.4 Reglulegar lestrarstundir

Nemendur verða jákvæðari gagnvart lestri eftir því sem lestur er oftari á dagskrá (Íslenskukennari 2). Viðmælendur telja daglegan lestur skilar bestum árangri. Gott er að byrja alla kennsludaga á lestrarstundum. Þá geta nemendur hafið lesturinn um leið og þeir mæta í skólann (almenningssafn 2). Íslenskukennari (2) á miðstigi hefur skipulagt kennslustundir þannig að korter fer í lestur í byrjun íslenskutíma sem eru fjórum sinnum í viku. Hún er sannfærð um að lesturinn skipti máli og það þýði ekki að taka þetta í „skorpum“. Hún biður foreldra um að hvetja börnin til að lesa heima. Það er mikilvægt að þeir fylgi lestrinum eftir. Hún segir nemendur yfirleitt upptekna við lestur við lok lestrarstunda og þeir haldi oft áfram að lesa þegar heim er komið. Íslenskukennari (2) sagði strákana sérlega áhugasama. „Þeir þroskuðust upp úr Sýrpunum.“

Það kom mér á óvart hvað strákarnir eru rosalega duglegir að lesa. Það kom mér á óvart því ég veit að trentið hefur verið að þeir lesi mjög lítið. Þeir horfi frekar á þætti í sjónvarpinu og eru í tölvuleikjum. En stelpurnar aftur á móti frekar í lestri. En hér eru strákarnir að lesa alveg ofboðslega mikið (Íslenskukennari 2).

Íslenskukennara (1) á unglíngastigi var minnisstætt þegar drengur í 10. bekk kom stoltur til hennar og sagðist hafa lesið heila bók. Honum hafði ekki tekist það áður. Hún sagði að drengurinn hafi byrjað að lesa bókina í tímum hjá sér. Hún þakkaði það 10 mínútna lestrarstundum sem hún gaf nemendum í byrjun kennslustunda.

7.3.5 Lestrarátök

Átaksverkefni þar sem mikil áhersla er lögð á lestur í stuttan tíma getur haft góð áhrif á lestur nemenda. Kennari á skólasafni (5) segir að mikið dragi úr lestri á mið- og unglíngastigi. „Það er því brýnt að skólinn stuðli að eins miklum lestri og

hægt er. Oftast virkar vel að koma á einhverskonar keppni eða átaki til að hvetja til lesturs.“ Lestraráttak sem sett var af stað ýtti við nemendum sem voru að öllu jöfnu ekki duglegir að lesa. Í fyrstu var nokkuð um að þeir veldu léttar bækur en þegar leið á verkefnið fóru flestir að velja sér efnismeira lesefni. „Þegar verkefninu lauk héldu margir nemendur áfram að lesa framhaldsbækur.“ (skólasafn 5). Hins vegar fjaraði lesturinn líka út hjá mörgum eftir að lestrarátakinu lauk. Nemendurnir sem rætt var við voru á því að lestur þeirra hefði aukist á meðan skipulagt lestrarátak var í skólanum. Þeir fengu meiri tíma í frjálstan lestur á skólatíma og foreldrar hvöttu þá til að lesa heima. Þeir voru sammála um að lestrarátök hjálpuðu þeim sem þyrftu að bæta sig. Þegar áttakinu lauk tók hins vegar annað amstur við svo sem álag sem fylgdi próflestri og nemendurnir gáfu sér lítinn tíma í frjálstan lestur.

Kennarar töluðu um að við lok lestrarátaka væri gott að veita nemendum einhverskonar viðurkenningu. Það er álag fyrir nemendur sem hafa ekki vanið sig á frjálstan lestur að byrja að lesa af fullum krafti. „Það er staðreynd að oft þarf að vera einhver hvati til að fá krakka til að lesa.“ (skólasafn 5). Minni hætta er á að lestrarátak fjari út þegar umbun er í sjónmáli. Þegar umgjörð í kringum lestrarátak er vönduð, lögð áhersla á að vekja athygli nemenda og unnin verkefni á tímabilinu, halda nemendur sig frekar við lesturinn. Dæmi um slíkt verkefni er lestrarvakan, Lesið í myrkrinu. Nemendur í ákveðnum árgangi fá að dvelja í skólanum yfir nótt og lesa. Áherslan er ekki aðeins á lestur heldur eru jafnframt ýmsir viðburðir á dagskrá. Foreldrar taka þátt í lestrarvökunni og lesa með börnunum (skólasafn 4). Stúlku (3) var minnisstætt lestrarverkefni í 3. bekk. Það var unnið í samstarfi við Domino's. Þau lásu „fullt af bókum.“ Þegar ákveðnu markmiði var náð fengu þau að baka pítsu á Domino's.

Almenningssöfn standa fyrir sumarlestri. „Tilgangur sumarlesturs felst ekki einungis í lestrarhvatningu. Hann er einnig mikilvægur liður í að fá börn til að kynnast almenningssafninu og fá þau til að nýta sér það.“ (almenningssafn 2). Ýmist er lestrarstarfið skipulagt allt sumarið eða í styttri tíma. Allar bækur eru gjaldgengar nema teiknimyndasögur, því verið er að hvetja börn til að lesa bækur sem innihalda meiri texta. Sumarlesturinn er oft settur í einhvern búning. „Við [erum] alltaf að fræða. Höfum skráningarblöð um lestur með fróðleiksmolum,“ segir bókasafns- og upplýsingafræðingur á almenningssafni (1) sem hefur góða reynslu af sumarlestri.

Þegar sumarlestri lýkur er haldin verðlaunahátíð. Allir þátttakendur fá viðurkenningarskjal. Auk þess fær sá sem las mest í hverjum aldursflokki bók í verðlaun. Allir þátttakendur eiga síðan möguleika á að vera dregnir út og fá verðlaun (almenningssafn 2).

Sumarlestur er kynntur í samstarfi við grunnskólana. Öll börn sem hafa áhuga fá að vera með. Flestir þátttakendur eru í 3.-5. bekk. „Elsti einstaklingurinn sem tók þátt í sumarlestrinum síðasta sumar [2010] var eitt 15 ára gamalt barn.“ (almenningssafn 2). Því miður heillar sumarlesturinn ekki marga nemendur sem eru á mið- og unglingastigi. Það mætti gjarnan huga að því hvernig sumarstarf tengt lestri væri hægt að skipuleggja fyrir þá.

7.3.6 Skráning

Skráningu fylgir aðhald og hún auðveldar kennurum að fylgjast með ástundun og framförum nemenda. Íslenskukennari (3) í 6. bekk segir að hluti námsmats í íslensku byggir á frjálsum lestri sem sé skráður reglulega. Kennari á skólasafni (2) lætur nemendur í 8. og 9. bekk lesa heima og í kennslustundum á skólasafni að lágmarki 2.000 blaðsíður á önn. Nemendunum finnst það mikið í fyrstu. Þeim er sagt að lesa 10 blaðsíður á dag. Nemendurnir sjá þá að það er yfirstíganlegt. „Þá samþykkja þeir 2.000 síður.“ Nemendurnir lesa vikulega á safninu, stúlkur aðra önnina og drengir hina. Farið er yfir skráningarblöðin og nemendur sem standast markmiðin fá 10 í einkunn fyrir lestur vikunnar. Ef ekki gengur vel er brugðist við því. Í lok annar er einkunn í lestri reiknuð saman.

Skráning getur verið mismunandi. Allt frá því að skrifa samfelldan texta um bók yfir í að fylla út í eyður á skráningarblaði. „Skrifa nafn á bók, höfund, blaðsíðufjöldu og klára setninguna, Mér fannst bókin ...“ (íslenskukennari 2). Það er góð tilbreyting fyrir nemendur að skipta um skráningarform. Ef mikið álag fylgir skráningu getur hún dregið úr lestraráhuga. „Þau skila sögugreiningum yfir það sem þau eru að lesa. Ég hef þetta bara stutt því aðalatriðið er að lesa, ekki að skrá.“ (skólasafn 2). Íslenskukennari (1) segir skráninguna aðeins tryggja að lestur fari fram. Litlar kröfur eru gerðar til að „fæla“ engan frá lestri. Á skráningarblöðunum er fylgst með framförum. Lestrarkennslan festir sig frekar í sessi ef árangur af henni er borðleggjandi. Íslenskukennari (2) sýndi mér hróðug framfarir hjá nemendum þegar hún fór yfir skráningarblöð þeirra. „Strákar sem

voru í Andrésblöðum fyrir ári síðan eru nú að lesa Eragon og Dreki hans hátignar, bækur með um 300-600 blaðsíðum.“

7.3.7 Menning og miðlar

Menningarviðburðir geta vakið athygli ungmenna á lestri. Á menningarnótt hefur ljóðaslamm á Borgarbókasafni Reykjavíkur vakið lukku og ungt fólk látið sjá sig (almennings safn 2). Í vor var bókasafnsdagurinn haldinn hátíðlegur. Kennarar á skólasöfnum (2 og 3) voru ánægðar með athyglina. Nemendur og starfsmenn skólanna komu við á söfnunum og tóku þátt í kosningu bestu bókarinnar. Það er misjafnt hvaða bækur eru vinsælar hverju sinni. „Það er tíska í bókum eins og í öllu öðru.“ (skólasafn 1). Máttur miðla er mikill. Bókaverðlaun, ritdómar og umfjöllun um bækur beinir athygli fólks að ákveðnu lesefni (almennings safn 1). Starfsfólk almennings safna finnur að spurt er eftir bókum sem hafa verið í umræðunni (almennings safn 2). Þegar sýningar hófust á bíómyndinni Gauragangi skilaði það sér í mikilli eftirspurn eftir bókinni. Markviss umræða um barna- og unglings bækur í fjölmiðlum eflir lestur meðal unglinga. Umræða um Harry Potter bækurnar hefur verið áberandi undanfarin ár. „Þær eru eiginlega að verða ónýtar hjá okkur, þær fara í 20, 30, 40 útlán,“ segir bókasafns- og upplýsingafræðingur á almennings safni (1) og bætir við að fleiri bækur mættu vekja slíka athygli.

7.3.8 Lestrarhvetjandi viðburðir á landsvísu

Það getur eflt lestrarhvetjandi starf kennara og lestur nemenda ef þeir eiga kost á að taka þátt í viðburðum sem tengjast lestri á landsvísu. Viðmælendur könnuðust ekki við marga viðburði sem tengdust lestrarhvatningu fyrir utan þeirra stofnun. Sumarlestur almennings safna sem áður hefur fengið kynningu kom til tals og Stóra upplestrarkeppnin sem skipulögð er fyrir nemendur í 7. bekk og hefur einnig fengið kynningu í þessum skrifum voru yfirleitt taldar upp. Norræna bókasafnsvikan var einnig nefnd. Þar er ákveðið þema haft í brennidepli og norrænir höfundar fá kynningu. Texti úr bókum þeirra er sendur í alla skóla og hvatt til upplesturs á þeim (skólasafni 3). Að síðustu var minnst á bókasafnsdaginn. Því miður virðist framboð á lestrarviðburðum á landsvísu ekki vera mikið.

7.3.9 Styrkur í samstarfi stofnana og upplýsingaflæði

Samstarf grunnskóla og almenningssafna styrkir lestrarhvetjandi starf beggja aðila. Bókasafns- og upplýsingafræðingur á almenningssafni (2) segir gott samstarf mikilvægt. „Heimsókn á bókasafnið þarf að vera í tengslum við það sem krakkarnir eru að gera.“ Í sveitarfélaginu fá allir nemendur í 4. bekk kynningu á safninu í fylgd umsjónar- eða skólasafnskennara. Á öðru almenningssafni (1) var samstarfið ekki í föstum skorðum. „Við erum í góðu samstarfi við einn skóla en minna í hinum. Við höfum til dæmis ekki hitt starfsmanninn sem er á einu safninu.“ Kynna þarf almenningssöfn fyrir nemendum. „Maður þarf að lokka þessa krakka.“ Segir bókasafns- og upplýsingafræðingur á almenningssafni (1) sem heimsækir grunnskóla, talar við nemendur, les fyrir þá og reynir að gera safnið spennandi.

Tölvupóstur kemur upplýsingum til kennara og foreldra (almenningssafn 2). Stundum skortir á upplýsingastreymi og viðburðir falla niður vegna lítillar þátttöku eða það vex í augum kennara að nýta söfnin vegna fjarlægðar.

Ég er mjög heppin með þetta hér, við erum nálægt safni. Einu sinni höfðu þeir samband og buðu okkur að koma á upplestur. Næsta ár fengum við ekkert boð og ég hringdi. Þá ákváðu þau að láta þetta detta upp fyrir af því að það væri enginn áhugi. Þannig að ég hringdi einu sinni enn og þá tímanlega og fór fyrir jólin með 9. og 10. bekk (íslenskukennari 1).

Viðburði sem eru í boði þarf að auglýsa annars er hætt á að starfið koðni niður. „Það er góð mæting á það sem er búið að festa sig í sessi en það er alltaf erfitt að koma með eitthvað nýtt. Þú þarft að kynna það svo vel.“ (almenningssafn 2).

Kennarar á skólasöfnum í Reykjavík deila hugmyndum á bókvalsfundum á vegum Skólasafnsmiðstöðvar. „Þegar maður fær góðar hugmyndir á ekki að liggja á þeim“ segir kennari á skólasafni (2). Til að auðvelda flæði góðra hugmynda væri gott að vera með hugmyndabanka á netsíðu. „Leggja í púkk. Það sé óþarfi að lúra eins og ormur á gulli á öllu.“ Íslenskukennarar (1 og 2) miðluðu verkefnum þegar kennarar í nálægum skólum komu saman og ræddu starfið. „Þegar samvinnan er góð þarf ekki hver og einn að finna upp hjólið í sínu horni,“ segir bókasafns- og upplýsingafræðingur á almenningssafni (2). Hún segir mikilvægt að koma saman og fá hugmyndir til að vinna eftir. Forstöðumenn almenningssafna hittast tvisvar á ári, reifa hugmyndir og fólk fær innspýtingu. Fagfélagið Upplýsing er einnig vettvangur miðlunar (almenningssafn 2).

7.3.10 Samantekt

Viðmælendur sögðu að það hefði góð áhrif á lestur nemenda að sjá aðra lesa og hlýða á lestur og það þyrfti að vetja þarf foreldra til að lesa fyrir börn. Flokkaðir lesefnislistar auðvelduðu kennurum að lesa fyrir nemendur auk þess sem tölvutæknin opnaði nýja möguleika. Það er í höndum fagfólks að aðstoða nemendur við bókval. Samstarf íslensku- og skólasafnskennara eykur líkur á árangri. Skólasafnskennarar þurfa að koma að fyrra bragði til nemenda og leiðbeina þeim. Ef þeir hafa fengið aðstoð við bókval aukast líkur á að þeir leiti ráða. Lestraráhugi er smitandi og umræða um bækur örvar lestur nemenda. Þeir hrífast með þegar einstaklingar sem eru sterkir félagslega fara lofsamlegum orðum um bækur þannig auka bókakynningar lestur og vekja athygli. Kynningar rithöfundu eru ígildi auglýsinga og ættu að vera fríar.

Lestrarhvetjandi verkefni geta vakið athygli nemenda á ákveðnum bókmenntum eða höfundum. Gæta þarf að því að lesefni sem er í boði sé í takt við mismunandi getu og áhuga. Algennt er að nemendur uppgötvi nýja bóka flokka við stýrt bókval. Efnisflokkadur leslistar styðja nemendur við að móta skoðanir sínar á lesefni. Erfitt er að fá nemendur til að lesa sem eiga í lestrarerfiðleikum. Framhaldslestur þar sem kennari las á móti nemendum reyndist vel í slíku tilvikum. Reglulegar lestrarstundir þar sem nemendur fá daglega tíma fyrir lestur á skólatíma og lesa bækur að eigin vali eru taldar skila góðum árangri. Þær eru taldar efla áhuga og getu nemenda í lestri. Lestraráttök eru ágæt til síns brúks og nemendur geta haft gaman af þeim. Þau geta hjálpað nemendum af stað sem hafa lesið lítið en þegar þeim líkur er hætta á að allt falli í fyrra horf. Á meðan á lestrarátaki stendur er algennt að nemendur fái meiri tíma í lestur yfir skóladaginn og áhersla á heimalestur eykst. Þegar áttakinu líkur er hætta á að allt falli í fyrra horf. Almenningsöfn standa fyrir sumarlestri. Markmiðið með honum er ekki einungis að fá börn til að lesa heldur einnig að fá þau inn á söfnin. Nemendur á mið- og unglíngastigi taka sjaldan þátt í sumarlestri.

Að skrá lestur auðveldar nemendum að hafa yfirlit yfir lesturinn og standast markmið sem þeir hafa sett sér í samráði við kennara. Skráningin gerir kennurum auðveldar að fylgjast með framvindu lestars, hrósa fyrir það sem vel gengur og veita aðhald. Það þarf að varast að skráningin verði tímafrek. Áherslan á að vera á lesturinn en viðamikil skráning getur fælt nemendur frá lestri.

Þegar ungt fólk tekur þátt í viðburðum tengdum bókmenntum eflir það áhuga á lestri. Bókaverðlaun, ritdómar og umfjöllun um bækur beinir athygli fólks að bókum. Það er tíska í bókum eins og öllu. Markviss umræða um barna- og unglingabækur í fjölmiðlum skilar stærri lesendahópi. Það er hvatning og styrkir starf kennara og lestur nemenda að geta tekið þátt í viðburðum sem tengjast lestri á landsvísu. Því miður virðist ekki margt í gangi í þeim efnum. Sumarlestur almenningsafna, Stóra upplestrarkeppnin, norræna bókasafnsvikan og bókasafnsdagurinn voru helstu viðburðirnir sem viðmælendur könnuðust við. Lestrarhvetjandi starf grunnskóla og almenningsafna styrkist við samstarf. Almenningsöfnin bjóða nemendum á viðburði og starfsmenn koma í skóla til að kynna starfsemina. Kennarar sjá árangur af heimsóknum í auknum áhuga nemenda. Upplýsingaflæði innan stétta kennara og bókasafns- og upplýsingafræðinga þarf að vera virkt. Góðar hugmyndir nýtast öðrum ef þær eru aðgengilegar.

8. Rannsóknarniðurstöður í fræðilegu samhengi og ályktanir

Hér verða niðurstöður eigindlegu rannsóknarinnar túlkaðar í samhengi við fræðilega umfjöllun sem fór fram í köflum 2-5. Að auki verða ályktanir dregnar af umfjölluninni og rannsóknarspurningum svarað. Lestrarvenjur 10-15 ára nemenda verða fyrstar í brennidepli. Síðan verða þættir sem hafa áhrif á lestrarhegðun nemenda skoðaðir. Að lokum verður fjallað um leiðir til að hvetja ungt fólk til að lesa.

8.1 Lestrarhegðun 10-15 ára nemenda

Þegar rýnt er í niðurstöður rannsókna á lesefni ungs fólks kemur fram að spennu- og fræðslubækur njóta vinsælda (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2005, s. 9). Einnig kemur fram kynbundinn munur á lestrarhegðun þar sem stúlkur lesa meira en drengir (Þorbjörn Broddason, o.fl., 2009, s. 258). Af ummælum viðmælenda minna mátti ráða að þeir voru sammála því að stúlkur læsu meira en drengir. Þeir sögðu þær frekar sækja í að lesa bækur en töldu drengina heldur lesa fræðslurit og íþróttablöð. Þær eru sagðar hrifnari af unglingsbókum en þeir hallist að lestri ævintýrabóka og glæpasagna. Glæpasögurnar eru einnig sagðar ganga vel í stúlkurnar. Teiknimyndabækur líkt og Syrpan eru taldar vinsælli meðal drengja og sumir eru sagðir þróa lesturinn yfir í japanskar teiknimyndasögur með aldrinum.

Þegar 12 ára nemendur í rannsókninni voru spurðir um lestur kom í ljós að þeir lásu ekki mikið. Fáir mundu eftir bókinni sem þeir höfðu lesið síðast og aðeins einn af sex hafði klárað bók sem tekin var upp á aðfangadagskvöld mánuði síðar. Væntingar kennara til frístundalesturs nemenda voru heldur ekki miklar og voru nokkuð í takt við niðurstöður fyrri rannsókna á lestri ungs fólks. Kennara fannst gott ef nemendur næðu að lesa bók yfir mánuðinn eða tæplega það. Nýjustu rannsóknir Þorbjörns Broddasonar (o.fl., 2009) á frístundalestri 10-15 ára barna sýndu að 29% nemenda ná ekki að lesa bók á mánuði og aðeins 4% geti talist afkastamiklir lesendur (s. 258). Nemendurnir í rannsókninni sögðu að þeir hefðu stundum ekki tíma fyrir frístundalestur vegna álags sem fylgdi námi. Það samræmist niðurstöðum fyrri rannsókna sem telja að áhrif skólastarfs á lestur séu

mikil. Irvin (1998) telur að með hækkandi aldri nemenda taki skólastarfið fyrst og fremst mið að því að þeir lesi til að læra (s. 50). Íslensk rannsókn styður þetta, þar kom fram að vinsælar bækur voru ekki endilega nýjar heldur fundust þær á leslistum skólanna (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2005, s. 63).

Í rannsókn minni komu fram áhyggjur kennara af nemendum á mið- og unglingastigi sem stríddu ekki við lestrarvandamál en lásu samt sem áður lítið. Lestraráhugi þeirra virtist bíða hnekki á aldursbilinu 10-15 ára og var samdrátturinn talinn meiri hjá drengjum. Kennararnir sögðu fáa nemendur í unglingadeild velja lestur í frístundum. Hnignandi lestraráhugi nemenda með hækkandi aldri er ekki nýmæli. Rannsóknir á lestri á vegum PIRLS og PISA sýna að hlutfall barna sem leiðist lestur meira en fjórfaldast frá 10-15 ára aldri, fer frá 7% upp í 30% (Almar M. Halldórsson, 2006, s. 12; Brynhildur Scheving Thorsteinsson og Júlíus K. Björnsson, 2007, s. 55). Það hefur einnig verið staðfest að drengir hafa minni áhuga á lestri og geta þeirra í lesskilningi mælist slakari (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2006, s. 66; Ragnar F. Ólafsson o.fl., 2007, s. 25; Almar M. Halldórsson, o.fl., 2010, 34).

Þegar lestur á Netinu var skoðaður í rannsókninni minni sagðist einn nemandi lesa fréttir á Netinu. Kennari á skólasafni sagði að „klárir“ nemendur gætu nýtt Netið til fróðleiks. Því miður hafa fyrri rannsóknir leitt í ljós að kennsla í upplýsingalæsi er lítil og ómarkviss (Auður Magnús Leiknisdóttir o.fl., 2009 s. 79-80). Það gerir nemendum erfiðara fyrir að nýta þennan miðil. Rannsókn mín leiddi hins vegar í ljós að margir nemendur virtust virkir á fésbók. Stúlkurnar sögðust frekar nota síðuna til samskipta en drengirnir í tölvuleiki. Nýlegar heimildir staðfesta að fésbókin er lesin daglega af 39% unglunga og það sé algengara að stúlkur (55%) skrái og lesi blogg (Þóroddur Bjarnason, o.fl., 2010, s. 8-9). Þegar kennari í rannsókninni minni tjáði sig um blogg nemenda sagði hann það samanstanda af stuttum textabútum sem hefðu ekki mikil áhrif á lestur. Rannsókn sem gerð hefur verið á texta á fésbókinni segja hann innihalda hversdagslegan orðaforða, oftast ritaðan í skeytastíl af jafnöldrum lesandans (Birgir Guðmundsson og Sóley Björk Stefánsdóttir, 2008, s. 181). Því má álykta að ritun á fésbók hafi ekki afgerandi áhrif á þróun læsis.

Í rannsókn minni kom fram að nemendur fylgdust með efni í fjölmiðlum sem tengdist áhugamálum og íþróttum en fræddust lítið um þjóðmál. Það er í takt við gamlar rannsóknarniðurstöðum á dagblaðalestri 14 ára nemenda sem segja að

nemendur vilji helst lesa teiknimyndasögur, umfjöllun um kvikmyndir og sjónvarp, fræðast um heilsurækt, tómstundir og lesa íþróttافرéttir en hafi síst áhuga á viðskipum og fjármálum (Sigríður Þ. Valgeirsdóttir, 1993, s. 46).

Þegar ég velti upp rannsóknarspurningu minni um lestrarhegðun 10-15 ára nemenda má segja að vísbendingar bendi til að minna fari fyrir frjálsum lestri ungs fólks en skipulögðum lestri í tengslum við nám. Því miður virðist áhugi á lestri dala á aldursbilinu 10-15 ára og drengirnir litu út fyrir að lesa minna. Vísbendingar komu fram sem bentu til þess að drengir væru hrifnir af lestri fræðslurita og íþróttablaða en stúlkurnar veldu sér frekar bækur. Bæði kynin virtust hafa gaman af glæpasögum. Netið er frekar talið nýtast duglegum nemendum en skortur á kennslu í upplýsingalæsi er sagt takmarka notkun þess. Einnig kom fram að lestur og ritun á fésbók virtist vinsæl meðal nemenda. Í fjölmiðlum mátti ráða að áhugi ungs fólks beindist að lestri efnis sem tengdist áhugamálum og íþróttum.

8.2 Þættir sem hafa áhrif á lestrarhegðun nemenda

Íslenskukennarar og kennarar á skólasöfnum sem ég ræddi við sögðu að þeir yrðu varir við stöðnun í lestrarþróun fjölda nemenda á miðstigi. Þeir töldu marga nemendur ekki ná að þróa lesturinn með hækkandi aldri og margir festust í lestri léttlestrarbóka og teiknimyndasagna. Það kom einnig fram að nokkuð hafi skort á útgáfu léttlestrarbóka fyrir unglinga. Því má leiða líkum að því að takmarkað úrval lesefnis geti dregið úr lestrarlöngun nemenda og átt þátt í minni lestri. Þóra Kristinsdóttir (2000) segir að lestrarþróun byggji á því að lesefni samræmist þörfum lesandans. Ef texti er ekki í takt við þær hefur það neikvæð áhrif á lestaráhuga með þeim afleiðingum að það dregur úr lestri og grundvöllur lestrarþróunar brestur (s.186-189).

Í rannsókn minni kom fram í ummælum viðmælenda að 10-15 ára nemendum skorti oft þolinmæði í lestur. Þeir gæfu sér ekki tíma til að komast inn í söguþráð og vildu oft gefast upp á fyrstu blaðsíðunum og það teldist til tíðinda ef þykk bók væri lesin. Rannsóknir PISA á lestri 15 ára nemenda staðfesta slæma stöðu. Þar kom fram að 21% nemenda finnst tímasóun að lesa og eigi erfitt með að klára bók og 24% segjast aðeins geta lesið í nokkrar mínútur í senn (Almar M. Halldórsson, 2006, s. 12, 25). Það hrópar enginn húrri yfir þessum niðurstöðum og auðvelt er að draga þá ályktun að ekki sé rétt að málum staðið í skólakerfinu

Þegar lestur ungs fólks er annars vegar. Auður Magnús Leiknisdóttir (o.fl., 2009) segir að kenna megi ómarkvissri lestrarkennslu á mið- og unglíngastigi um lítinn lestraráhuga nemenda (s. 13). Í aðalnámskrá grunnskóla (Íslenska, 2007) er tekið fram að þjálfari eigi lestur alla grunnskólagönguna (s. 10). Þrátt fyrir skýr fyrirmæli um lestrarkennslu í aðalnámskrá virðist nokkuð skorta á að skólar setji sér lestrarstefnu á mið- og unglíngastig. Það kom fram með afgerandi hætti í rannsókn minni að kennarar sem vilja sinna lestri vel eru oft óöruggir með þá ákvörðun. Þeim finnst þeir vera að „stelast“ þegar þeir sinna tímafreku lestrarnámi. Það var allur gangur á því hvernig lestrarkennslan var skipulögð í þeirra skólum og töldu þeir það hafa slæm áhrif á lestur nemenda. Ég fékk líka að heyra andstæða upplifun kennara á skólasafni sem starfaði í skóla þar sem unnið var eftir skýrri lestrarstefnu. Hún var talin hafa góð áhrif störf kennara sem urðu öruggari og kennslan varð markvissari með þeim afleiðingum að geta og jákvæðni nemenda gagnvart lestri jókst í takt við aukinn lestur. Rannsókn Guðmundar Engilbertssonar (2005) sýndi fram á að mikill lestur á skólatíma væri ekki á kostnað annars náms. Þrátt fyrir minni vinnu í málfræði fengu nemendur betri máltílfínningu, lesskilning og úthald við lestur sem skilaði sér í betri próflestri (s. 12). Mikilvægt er að meta reglulega viðhorf og gengi nemenda í lestri og útbúa í framhaldi af því árangursríka lestrarstefnu í hverjum grunnskóla.

Hjá kennara kom fram viðhorfið að stúlkur kúri frekar og lesi en strákar stundi tölvuleiki. Þegar nemendur í rannsókninni voru spurðir um lestrarhegðun sína sögðu þeir helst lesa á kvöldin. Tímínn sem fór í lestur var oft lítill og þegar rýnt var í ástæður fyrir því kom fram að lesturinn var í samkeppni við aðra afþreyingu. Nemendurnir sögðu sjónvarpsáhorf og tölvunotkun skerða tímann sem þeir gæfu sér í bóklestur. Þorbjörn Broddason (o.fl., 2009) segir að sjónvarpstæki séu oftast staðsett í svefnherbergjum drengja og áhugi þeirra á sjónvarpi sé meiri (s. 256). Ungt fólk er hrifið af tæknínýjungum og finna má tölvu í herbergi 60% nemenda á mið- og unglíngastigi og eykst tölvueignin um 40% á aldursbilinu 10-15 ára (Þorbjörn Broddason o.fl., 2009, s. 256-257). Rannsóknir hafa einnig staðfest að drengir eyði lengri tíma í tölvuleiki (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2006, s. 49). Af þessu er ljóst að tölvueign eykst með hækkandi aldri og tölvunotkun og sjónvarpsáhorf drengja er meira en stúlkna. Tölvu- og netnotkun fylgir vissulega töluverður lestur en hann er ekki talinn jafngilda bóklestri (Mangen, 2010, s. 74).

Þegar ég grennslaðist eftir því hvar nemendurnir sem rætt var við nálguðust lesefni kom fram að þeir nýttu helst bókakost heimilanna. Það kom mér á óvart að nemandinn sem las mest sótti einnig flestar bækur til heimilisins. Það skýrðist af því að þar höfðu markvisst verið keyptar bækur í gegnum tíðina sem foreldri hafði lesið í æsku og viljað eiga. Rannsóknir hafa sýnt að börn sem hafa góðan aðgang að bókum lesa frekar (Almar M. Halldórsson, 2006, s. 26; Ágústa Pálsdóttir, 1998a, s. 14; Ágústa Pálsdóttir, 1998b, s. 20; Brynhildur Þórarinsdóttir, 2009, s. 571). Það kom einnig fram í rannsókninni minni að ef bókakostur heimilisins var fátæklegur treystu nemendur á skólasöfnin. Notkun skólasafna var almenn meðal nemenda og tengdist hún yfirleitt skipulögðum lestrarverkefnum. Kennarar sögðu heimsóknir nemenda á skólasöfnin dragast saman með hækkandi aldri í samræmi við minni lestraráhuga. Yfirlit Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur (2000) á útlánum skólasafna í Reykjavík staðfesta minni nýtingu nemenda samfara hækkandi aldri. Það sýndi að nemendur í 1.-3. bekk fengu lánaðar 16,7 bækur yfir skólaárið en útlánin hröpuðu niður í 2,5 eintök þegar notkun nemenda í 8.-10. bekk var skoðuð (s. 30).

Það kom fram í rannsókn minni að skólasöfn gegna veigamiklu hlutverki við þróun lestrarnáms. Viðmælendur segja að lestur nemenda aukist ef þeim er gert auðvelt að grípa í bækur. Opnunartími skólasafna skiptir sköpum því lokað safn lánar ekki bækur. Það kom fram í rannsókninni að lokun safns hafði slæm áhrif á lestur nemenda. Guðmundur Engilbertsson (2005) segir að gott aðgengi að bókum og vinna á safni skili sér í auknum lestraráhuga (s. 9-12). Á aðhaldstímum þarf að varast að draga mikið úr innkaupum. Í rannsókn minni kom fram að afleiðingarnar koma niður á nemendum sem finna síður nýtt og spennandi lesefni. Það kom einnig fram að sumir nemendur gáfust upp á að bíða eftir bókum sem þeir ætluðu sér að lesa. Í aðalnámskrá grunnskóla (Íslenska, 2007) er tekið fram að skólasöfn eigi að veita nemendum aðgang að lesefni við hæfi hvers og eins (s. 10) en það virðist ekki alltaf ganga eftir eins og staðan er í dag.

Almenningssöfn geta státað af góðum bókakosti og í rannsókn minni kom fram að stundum vísa kennarar á skólasöfnum nemendum þangað þegar skólasöfnin geta ekki komið á móts við væntingar. Það kom einnig fram að nemendur sóttu síst lesefni til almenningssafna. Þetta er í takt við fyrri rannsóknarniðurstöður þar sem aðeins 5% nemenda í 9. og 10. bekk töldust fara á almenningssöfn einu sinni í viku eða oftar (Álfgeir Logi Kristjánsson, o.fl., 2006,

s. 60). Því miður nýta fáir nemendur almenningssöfnin. Þau eru vannýtt auðlind sem þyrfti að kynna betur fyrir nemendum.

Orð félaga eru veigamikil þegar viðhorf gagnvart lestri eru í mótun. Félagahópurinn hefur mikil áhrif á lestraráhuga ungs fólks (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2009, s. 571; Guðný Guðbjörnsdóttir, 2005, s. 64). Í rannsókn minni sögðust kennarar og bókasafns- og upplýsingafræðingar verða varir við að á unglingsárum misstu margir áhuga á lestri. Samfara því væri hætt á að neikvæð viðhorf gagnvart lestri næðu fótfestu. Þeir sögðu slæmt umtal um lestur oft smitast út í bekkir eða félagahópa. Við þær aðstæður töldu viðmælendur fáa þora að tala um bækur eða láta sjást til sín lesa eða sækja bókasöfn. Hins vegar vildu þeir halda því fram að að áhersla á lestur í skólastarfi myndi auka líkurnar á því að jákvæð viðhorf gagnvart lestri héldu velli.

Margar telst til sem getur haft áhrif á lestrarhegðun nemenda og upplýsingarnar sem ég hef safnað í þessari rannsókn geta aðeins svarað litlum hluta rannsóknarspurningarinnar. Það kom helst fram að viðmælendur töldu marga nemendur ekki ná að þróa lestur vegna skorts á lesefni. Óþolinmæði nemenda virtist hafa slæm áhrif á lestur. Lítið úthald og slök einbeiting var þannig talin hamla lestri. Viðmælendur vildu einnig kenna ómarkvissri lestrarkennsla um slæma stöðu nemenda í lestri. Andstætt því fékk ég einnig fréttir af skólastarfi þar sem línur voru skýrar í lestrarkennslunni. Árangur af því starfi var talinn auka áhuga og lestur nemenda. Það kom fram að nemendur vildu helst lesa á kvöldin en sjónvarpsáhorf og tölvunotkun virtist skerða þann lestur. Nemendur þóttu duglegir að nýta bókakost heimilisins og réði hann miklu um lesefnið sem varð fyrir valinu. Vísbendinga um að góður aðgangur að skólasöfnum hefði jákvæð áhrif á lestur nemenda kom fram en skortur á nýju lesefni á skólasöfnum var talinn draga úr lestri. Almenningsöfnin virtust ekki bæta úr þeim skorti því fáir nemendur höfðu vanið komur sínar á þau. Að síðustu en ekki síst kom fram að áhrif félaga töldust vera mikil á lestur einstaklinga. Áhersla á lestur í skólastarfi er talin hafa jákvæð áhrif á viðhorf nemenda gagnvart lestri en ef neikvæð viðhorf ríkja töldu viðmælendur fáa nemendur þora að láta sjást til sín lesa eða nýta bókasöfn.

8.3 Leiðir til læsis

Það er ljóst að lestur ungs fólks er undir stöðugu áreiti. Það er undir okkur komið, sem sinnum kennslu í grunnskólum, störfum á skólasöfnum og

almenningssöfnum, hvort við viljum taka þátt og hafa jákvæð áhrif á lestur 10-15 ára nemenda. Full þörf er á íhlutun eins og fyrri lesning hefur gefið til kynna.

Í rannsókn minni kom fram að nemendur afsökuðu lítinn lestur með að segja að þeir finndu ekki spennandi lesefni. Það bendir til að nauðsynlegt sé að leiðbeina þeim við bókval. Fyrri rannsóknir hafa leitt líkum að því að margir nemendur séu tilbúnir til að lesa ef þeim er bent á góða bók (Jones, Hartman og Taylor, 2006, s. 8). Í rannsókn minni kom fram að nemendur veigruðu sér við að leita eftir aðstoð við bókval á skólasöfnum. Kennarar á skólasafni sagði að það þyrfti að leiðbeina nemendum við bókval að fyrra bragði. Ef þeir hefðu vanist leiðsögn væru meiri líkur á að þeir leituðu eftir aðstoð þegar á þyrfti að halda. Siggerður Ólöf Sigurðardóttir (2009) styður þetta og segir að skólasafnskennari sem veitir nemendum ráðgjöf hjálpi þeim við að þróa skoðanir sínar á lesefni og geti haft góð áhrif á lestrarnám þeirra (s. 38).

Lestraráhugi er smitandi. Það er þýðingarmikið fyrir nemendur að sjá aðra lesa bæði fullorðna og samnemendur (Svanhildur Kr. Sverrisdóttir og Kristín Björk Gunnarsdóttir, 2010, s. 36). Í rannsókn minni kom fram að kennarar lesa oft fyrir nemendur í nestistímum og hafa sumir þeirra einnig nýtt upplestur við yfirferð námsefnis. Það er ekki víst að nemendur vilji lesa þótt lesefni eigi að höfða til þeirra. Kennarar þurfa að vera hugmyndaríkir þegar þeir leita leiða til að styrkja lestur nemenda. Kennari í rannsókninni minni lýsi hvernig hann kom hópi nemenda til að lesa með framhaldslestri. Viðhorf þeirra gagnvart lestri varð betra við að hlýða á kennarann og þeir stauluðust áfram við lesturinn. Lestur foreldra hefur góð áhrif á lestur barna en það helst ekki alltaf í hendur. Foreldrar þurfa að vera vakandi yfir lestri barna, styðja þau við bókval og hvetja þau áfram alla grunnskólagönguna. Foreldrar þurfa að lesa fyrir börnin því það eflir áhuga þeirra á lestri og styrkir þau í námi (Auður Magndís Leiknisdóttir o.fl., s. 110; Ágústa Pálsdóttir, 1998b, s. 20; Erna Árnadóttir, 2000, s. 66).

Í rannsókn minni kom fram að kennarar skipulögðu lestrarhvetjandi verkefni til að vekja athygli nemenda á lestri. Fyrirkomulag þeirra getur verið eins misjafnt og þau eru mörg. Stundum beina þau athygli nemenda að ákveðnum bókum eða höfundum. Þá þarf að gæta þess að ramminn sem settur er upp takmarki ekki of mikið úrval lesefnis. Allir nemendur verða að geta fundið lesefni sem er í takt við getu og áhuga. Fyrri rannsóknir hafa leitt í ljós að ef lesefni er

erfitt aflestrar fyrir nemendur líður þeim illa við lesturinn og forðast hann (Jones, Hartman og Taylor, 2006, s. 8).

Viðmælendur í rannsókninni minni töldu að tímabundin lestrarátök væru ágæt til síns brúks. Hins vegar væri hætt á að allt félli í fyrra horf þegar þau væru afstaðin. Mikilvægt væri að gefa áfram tíma í frjálsan lestur þegar þeim lyki. Víxllestur er dæmi um lestrarátak sem stóð yfir í stuttan tíma. Það vakti mikla lukku. Foreldrar og nemendur lásu saman. Þegar verkefninu lauk var vilji til að endurtaka leikinn (Elín Richards, 2010, s. 22). Í rannsókn minni kom fram að almenningsöfn standa fyrir sumarlestri þegar skóla líkur á vorin. Tilgangur sumarlesturs er að fá börn til að lesa yfir sumarið, kynnast bókum, njóta lesturs og koma betur undirbúin í skóla á haustin (Sigríður Matthíasdóttir, 1998, s. 38). Í rannsókn minni kom fram að minnkandi áhugi nemenda á mið- og unglíngastigi á lestri kæmi fram í lítilli þátttöku í sumarlestri. Eftir því sem þeir verða eldri taka þeir síður þátt. Vert er að almenningsöfn skipuleggi lestrartengda viðburður fyrir nemendur á mið- og unglíngastigi. Samkvæmt niðurstöðum mínum er full þörf á að halda uppi lestrarhvetjandi starfi fyrir þennan aldurshóp.

Það kom fram hjá kennurum í rannsókn minni að þeir telja reglulegar lestrarstundir á skólatíma vera árangursríkastar þegar stefnt er að því að virkja lestur nemenda. Yndislestur – bók er best vina, er dæmi um lestrarverkefni sem byggði meðal annars á daglegum lestrarstundum yfir skólaárið. Allir sem komu að verkefninu töldu það skila árangri sem sýndi sig meðal annars í auknum áhuga og lestri nemenda (Guðmundur Engilbertsson, 2005, s. 12-13).

Í rannsókninni minni töldu kennarar að skráning nemenda yfir frjálsan lestur veitti aðhald. Nemendur fengju betri yfirsýn yfir lesturinn sem auðveldaði þeim og standast markmið sem þeir hefðu sett sér í samráði við kennara. Þeir töldu skráninguna einnig gera kennurum auðveldar fyrir að fylgst með lestri nemenda og hrósa þeim fyrir ástundun. Nemendur þrífast á hrósi og uppbyggjandi ummæli kennara geta verið þeim mikils virði. (Gambrell og Marinak, 1997, s. 213). Kennarar í rannsókn minni sögðu að það þyrfti að gæta þess að skráning yrði ekki of tímafrek. Áherslan yrði að vera á lesturinn en viðamikil skráning gæti hugsanlega dregið úr honum.

Viðmælendur mínir sögðu að það þyrfti að hvetja nemendur til að ræða um bækur. Árangur af því starfi sést best þegar nemendur bíða eftir að fá að lesa bækur sem hafa hlotið hrós. Þátttaka í viðburðum tengdum bókmenntum eflir

lestraráhuga og það kom fram að það er tíska í bókum eins og öllu öðru. Bókaverðlaun, ritdómar og umfjöllun um bækur beinir athygli að bókum og lestri. Mikilvægt er að nemendur fái sjálfir að taka þátt í tilnefningu barnabóka því smekkur fullþroska bókmenntafræðinga og lesendahópsins fara ekki alltaf saman (Símon Jóh. Ágústsson, 1976, s. 35). Tvær bækur eru árlega tilnefndar til Bókaverðlauna barnanna. Þátttakendur í kosningu þeirra eru 6-12 ára nemendur (Borgarbókasafn Reykjavíkur, 2011). Gjarnan mætti virkja eldri nemendur í samskonar kosningum.

Viðmælendur mínir sögðu að bókakynningar styddu nemendur við að mynda sér skoðanir á lesefni. Þær þyrftu að vera fjölbreyttar og ná yfir nýjar bækur jafnt sem gamlar og tengjast mismunandi bókaflokkum. Þeir sögðu að kennarar, bókasafns- og upplýsingafræðingar í skólum og almenningssöfnum auk nemenda og rithöfunda ættu að taka þátt í þeim. Þeir töldu vel heppnaða kynningu skila sér í auknum lestri. Það kom einnig fram að viðmælendur töldu markvissa umræða um barna- og unglingabækur í fjölmiðlum skila stærri lesendahópi.

Lestrarhvatning verður öflugri eftir því sem fleiri taka þátt og styrkist við samstarf. Reykjavíkurborg hyggst skipuleggja lestrarhvetjandi verkefni fyrir alla aldurshópa undir forystu Borgarbókasafns Reykjavíkur (Auður Rán Þorgeirsdóttir og Kristín Viðarsdóttir, 2011, s. 74). Vonandi geta fleiri sveitarfélög notið þess. Það kom fram í minni rannsókn að verkefni sem unnin eru í skólum og á almenningssöfnum virðast oft ekki ná út fyrir þau. Sumarlestur almenningssafna, Stóra upplestrarkeppnin, norræna bókasafnsvikan og bókasafnsdagurinn eru dæmi um lestrartengda viðburði sem margir aðilar hafa sameinast um. Viðmælendum mínum fannst að auka þyrfti umræðu og upplýsingaflæði sem beindist að lestrarhvatningu innan stétta kennara og bókasafns- og upplýsingafræðinga. Á tímum netvæðingar ætti að vera auðvelt að koma upp gagnabanka sem myndi væntanlega efla umræðu um lestur og lestrarhvetjandi starf. Full þörf er á að taka höndum saman um lestrarhvatningu.

Hvernig er hægt að hvetja ungt fólk til að lesa er rannsóknarspurningin sem hefur verið til umfjöllunar í þessum kafla. Það er eins og með fyrri rannsóknarspurningar að rannsókn mín veitir okkur aðeins vísbendingar um nokkur svör við henni. Það má nefna mikilvægi þess að nemendum sé leiðbeint við bókval. Það kom einnig fram að viðmælendur töldu nauðsynlegt að nemendur gætu séð aðra lesa og notið þess að hlýða á lestur. Viðmælendur lýstu margskonar

lestrarhvetjandi verkefnum og sögðu að gæta þyrfti þess að innan þeirra væri lesefni við allra hæfi. Þeir töldu tímabundin lestrarátök virka ágætlega á meðan þau stæðu yfir en það þyrfti að gefa nemendum áfram næði til að lesa þegar þeim lyki. Þeir lögðu áherslu á að tíminn sem nemendum væri gefinn í lestur skipti sköpum og töldu reglubundnar lestrarstundir vera árangursríkastar þegar kæmi að lestrarhvatningu. Kennararnir sögðu einnig að það að skrá lestur veitti nemendum nauðsynlegt aðhald og auðveldaði kennurum að fylgjast með framvindu og hrósa nemendum. Viðmælendur lögðu einnig áherslu á að það þyrfti að hvetja nemendur til að ræða um bækur. Þeir töldu bókakynningar sem nemendur taka þátt í eða hlýða á vekja athygli og töldu þær skila stærri lesendahópi. Að lokum vil ég geta þess að viðmælendum mínum fannst full þörf á að taka höndum saman um lestrarhvatningu.

9. Lokaorð

Það hefur verið fróðlegt að vinna þetta verkefni. Viðmælendur mínir höfðu skýra mynd af lestri ungs fólks sem samræmdist oft á tíðum niðurstöðum fyrri rannsókna. Þessi eigindlega rannsókn tengdist upplifun viðmælanda og ályktanir voru dregnar af þeim gögnum. Eftir þessa rannsóknarvinnu er ég sannfærð um að full ástæða sé til að vinna að lestrarhvatningu. Ungt fólk virðist lesa lítið nema því sé markvisst gefinn tími til að lesa í skólastarfi og það fái kynningu á lesefni. Ef ekkert er að gert virðist leiðin liggja niður á við. Lestur þarf að öðlast viðurkenningu sem afþreying meðal ungs fólks en ekki aðeins sem tækni til náms. Mikilvægt er að kennarar ásamt bókasafns- og upplýsingafræðingum sameinist um leiðir til að efla lestur ungs fólks.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti.* (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt 23. júní 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3953>
- Aðalnámskrá grunnskóla: Íslenska.* (2007). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Sótt 11. febrúar 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3953>
- Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson, Óskar F. Níelsson og Júlíus K. Björnsson. (2010). *Íslenskir nemendur við lok grunnskólans: Helstu niðurstöður PISA 2009 og rannsóknarinnar um lesskilning og læsi í stærðfræði og náttúrufræði.* Rit nr. 3. 2010. Reykjavík: Námsmatsstofnun. Sótt 7. maí 2011 af http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/PISA_2009/pisa_2009_island.pdf
- Almar M. Halldórsson. (2006). *Lesskilningur og íslenskukunnátta 15 ára nemenda: Sérstaða Íslands og forspárþættir. Niðurstöður PISA 2000 og samræmdra prófa.* Rit nr. 8. 2006. Reykjavík: Námsmatsstofnun. Sótt 2. febrúar 2011 af http://www.namsmat.is/vefur/skyrslur/serstakar/skyrsla_almar.pdf
- Anna Sigríður Þráinsdóttir. (2010). Sýn kennara á lestraráhuga og lesskilning unglunga. *Skíma* 33 (2), 23-25.
- Auður Rán Þorgeirsdóttir og Kristín Viðarsdóttir. (2011). Reykjavík: Bókmenntaborg UNESCO. Reykjavík: Reykjavíkurborg Sótt 10. maí 2011 af http://www.bokmenntir.is/Portaldata/18/Resources/bokmenntaboorgin/umsoknin/RvkBokmenntaborg_web.pdf
- Auður Magnús Leiknisdóttir, Hrefna Guðmundsdóttir, Ágústa Edda Björnsdóttir, Heiður Hrund Jónsdóttir og Friðrik H. Jónsson. (2009). *Staða lestrarkennslu í íslenskum grunnskólum.* Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Sótt 15. janúar 2011 af http://bella.stjr.is/utgafur/stada_lestrarkennslu_i_islenskum_grunnskolum_2009.pdf
- Ágústa Pálsdóttir. (1998a). Uppeldi og lestur. *Uppeldi og menntun: Tímarit Kennaraháskóla Íslands*, 7 (1), 7-22.
- Ágústa Pálsdóttir. (1998b). Viðhorf og lestur. *Bókasafnið* 22, 15-20.

- Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. (2006). *Ungt fólk 2006: Menntun, menning, tómstundir og íþróttaiðkun ungmenna á Íslandi: Rannsókn meðal nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla vorið 2006*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Sótt 14. janúar 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/nyrit/nr/3897>
- Ásthildur Snorradóttir og Sigurlaug Jónsdóttir. (2000). Mál og lestur. Í Heimir Pálsson, Erna Árnadóttir, Guðmundur B. Kristmundsson og Ingibjörg B. Frímansdóttir (ritnefnd), *Lestrarbókin okkar: Greinasafn um lestur og læsi* (s. 39–50). Reykjavík: Íslenska lestrarfélagið.
- Birgir Guðmundsson og Sóley Björk Stefánsdóttir. (2008). Netsíður og vefbloss: Nýir unglíngamiðlar. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IX* (s. 171-182). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Borgarbókasafn Reykjavíkur. (2011). *Fréttayfirlit, Ertu guð afi? og Dagbók Kidda klaufa vinsælastar*. Sótt 16. maí 2011 af http://borgarbokasafn.is/desktopdefault.aspx/tabid-2880/4650_read-26458/4886_view-4188/
- Brynhildur Scheving Thorsteinsson og Júlíus K. Björnsson. (2007). *PIRLS 2006: Lesleikni í 4. og 5. bekk*. Rit 5. Reykjavík: Námsmatsstofnun.
- Brynhildur Þórarinsdóttir. (2006). Bókaormafraði um barnabókmenntir í grunnskólum. *Skíma*, 2, 38–42.
- Brynhildur Þórarinsdóttir. (2009). Lestrarvenjur íslenskra bókaorma. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum X* (s. 569-577). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt 12. febrúar 2011 af <http://hdl.handle.net/1946/7600>
- Brynhildur Þórarinsdóttir og Þóroddur Bjarnason. (2010). Bóklestur íslenskra unglínga í alþjóðlegu ljósi. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum XI* (s. 41-51). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt 15. janúar 2011 af <http://hdl.handle.net/1946/6738>
- Dwyer, E. J og Dwyer, E. E. (1994). How teacher attitudes influence reading achievement. Í Cramer og Castle (ritstj.), *Fostering the love of reading: The affective domain in reading education* (s. 66-73). Delaware: International reading association.
- Elín Richards. (2010). Skýrsla um lestrarátak í 2.-7. bekk. Lindaskóli. Sótt 17. maí 2011 af http://lindaskoli.kopavogur.is/skyrslur/skyrsla2009_10.pdf
- Erna Árnadóttir. (2000). Skiptir það máli? Í Heimir Pálsson, Erna Árnadóttir, Guðmundur B. Kristmundsson og Ingibjörg B. Frímansdóttir (ritnefnd), *Lestrarbókin okkar: Greinasafn um lestur og læsi* (s. 57-66). Reykjavík: Íslenska lestrarfélagið.

- Fræðsluskrifstofa Reykjavíkur. (2000). *Ársskýrsla fræðslumála í Reykjavík*. Sótt 8. febrúar 2011 af http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf_skjol/arsskyrslur/arsskyrslur_grunnskolar/ArsskyrslaFraedslumidstodvar2000.pdf
- Gambrell, L. B. og Marinak, B.A. (1997). Incentives and intrinsic motivation to read. Í J. T. Guthrie og A. Wigfield (ritstj.), *Reading engagement. Motivating readers through intergrated instruction* (s. 205-217). Delaware: International reading association.
- Guðmundur Engilbertsson. (2005). *Yndislestur- Bók er vina best: Þróunarverkefni í Húsabakkaskóla, matskýrsla*. Akureyri: Skólapróunarsvið kennaradeildar HÍ. Sótt 24. febrúar 2011 af <http://www.unak.is/static/files/Skolathrounarsvid/2005/skyrsla.pdf>
- Guðmundur B. Kristmundsson. (2009). Rýnt í skýrsluna: Staða lestrarkennslu í íslenskum grunnskólum. *Tímarit um menntarannsóknir* 6, 149-153.
- Guðmundur B. Kristmundsson. (2010). Molar. *Skíma* 33 (2), 8-11.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (2005). Skiptir menningararfurinn máli fyrir ungt fólk á tímum hnattvæðingar? Í *Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna* (s. 55-66). Reykjavík: Umboðsmaður barna og Háskóli Íslands.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (2006). Er „menningarlæsi“ ungs fólks að breytast? Athugun á lestri og tólmstundavenjum nemenda í 10. Bekk. *Tímarit um menntarannsóknir* 3, 60-81.
- Guðrún Sigursteinsdóttir. (2009). Byrjendakennsla í lestri, bernskulæsi – snemmtæk íhlutun. *Glæður: Fagtímarit félags íslenskra sérkennara*, 19 (1), 4-10.
- Heimir Pálsson. (2000). Tölvur í stað bóka? Í Heimir Pálsson, Erna Árnadóttir, Guðmundur B. Kristmundsson og Ingibjörg B. Frímansdóttir (ritnefnd), *Lestrarbókin okkar: Greinasafn um lestur og læsi* (s.103-116). Reykjavík: Íslenska lestrarfélagið.
- Helga Jónsdóttir. (2003). Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (s. 67-84). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Herdís M. Hubner. (2010). Lestur gerir lífið skemmtilegra! Í Guðlaug Richter (ritstj.), *Lesandinn*. [Reykjavík]: Ibby á Íslandi og Félag íslenskra bókaútgefenda.

- Hrefna Pálsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Margrét Lilja Guðmundsdóttir og Jón Sigfússon. (2011). *Ungt fólk 2010: Framhaldsskólanemar*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt 10. júní 2011 af <http://www.rannsoknir.is/media/rg/skjol/Ungt-folk-2010-Vefutgafa-pdf.pdf>
- Ingibjörg Einarsdóttir. (2010). Stóra upplestrarkeppnin 15 ára - Litla upplestrarkeppnin lítur dagsins ljós. *Skíma* 33 (2), 46-47.
- Irvin, J. L. (1998). *Reading and the middle school student: Strategies to enhance literacy*. London: Allyn & Bacon.
- Johns, J. L. og VanLeirsburg, P. (1994). Promoting the reading habit: Considerations and strategies. Í Cramer og Castle (ritstj.), *Fostering the love of reading: The affective domain in reading education* (s. 91-103). Delaware: International reading association.
- Jones, P., Hartman, M. L. og Taylor, P. (2006). *Connecting with Reluctant Teen Readers: Tips, Titles, and Tools*. New York: Neal-Schuman.
- Katrín Jakobsdóttir. (2010). Læsi sett í öndvegi í nýrri menntastefnu. *Skíma* 33 (2), 6-7.
- Kristín Unnsteinsdóttir og Ragnhildur Helgadóttir. (1993). *Á skólasafni: Handbók*. Reykjavík: Mál og menning.
- Mangen, Anne. (2010). Skjár eða blað – skiptir það máli? (Kristján Jóhann Jónsson þýddi). *Skíma* 33 (2), 48-50.
- Marta Hildur Richter. (1990). Góð hugmynd. *Skólavarðan* 4(2), 12-14.
- Nanna Kristín Christiansen. (2010). *Skóli og skólaforeldrar: Ný sýn á samstarfið um nemandann*. Reykjavík: Höfundur.
- Persónuvernd. (2010). *Almennt um tilkynningaskylda vinnslu*. Sótt 6. desember 2010 af <http://www.personuvernd.is/tilkynningar/um-tilkynningarskylduna/>
- Ragnar F. Ólafsson, Almar M. Halldórsson, Sigurgrímur Skúlason og Júlíus K. Björnsson. (2007). *Kynjamunur í PISA og samræmdum prófum 10. bekkjar*. Rit 3. Reykjavík: Námsmatsstofnun. Sótt 26. febrúar 2011 af http://www.namsmat.is/vefur/skyrslur/serstakar/skyrsla_kynjamun_low.pdf
- Rannís. (2003). *BarnUng: Fréttatilkynning um lokaskýrslu*. Sótt 16. maí 2011 af <http://www.rannis.is/frettir/adrir-sjodir/nr/254/barnung---frettatilkynning-um-lokaskyrslu/>
- Rósa Eggertsdóttir. (2007). Byrjendalæsi. *Skíma*, 30(2), 17–21.
- Upplýsing: Félag bókasafns- og upplýsingafræða. (2007). *Síðareglur*. Sótt 28. apríl 2011 af <http://upplýsing.is/displayer.asp?page=272&p=ASP\Pg272.asp>

- Siggerður Ólöf Sigurðardóttir. (2009). Hvað á ég að lesa núna? *Skíma* 32 (1), 38-40.
- Sigríður Matthíasdóttir. (1998). Sumarlestur. *Bókasafnið* 22, 38-42.
- Sigurður Kristinsson. (2003). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (s. 161-181). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigríður Þ. Valgeirsdóttir. (1993). *Læsi íslenskra barna*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála og Kennaraháskóli Íslands.
- Sigrún Klara Hannesdóttir. (1998). Lestur er bestur: Um lestur íslenskra barna og unglunga. *Bókasafnið* 22, 21-26.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar eða meginlegar rannsóknaraðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (s. 219-235). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Símon Jóh. Ágústsson. (1972). *Börn og Bækur: Lestrarbókakönnun*. Reykjavík: Bókaútgáfa menningarsjóðs.
- Símon Jóh. Ágústsson. (1976). *Börn og Bækur II: Tómsundalestur*. Reykjavík: Bókaútgáfa menningarsjóðs.
- Svanhildur Kr. Sverrisdóttir og Kristín Björk Gunnarsdóttir. (2010). „Kennarinn þarf að hafa í huga að hann gegnir mikilvægu hlutverki sem lestrarfyrirmynd nemenda sinna“ : Viðtal við Þóru Kristinsdóttur. *Skíma* 33 (2), 32-36.
- Taylor, S.J. og Bogdan, R. (1998). *Introduction to qualitative research methods: A guidebook and resource*. New York: John Wiley & Sons
- Torfi Hjartarson og Þorbjörg Þorsteinsdóttir. (e.d.). *Bókaormar barnung*. Sótt 16. maí 2011 af <http://bokaormar.khi.is/>
- Þorbjörn Broddason. (2005). Börn og breyttir miðlar. Í *Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna* (s. 49-54). Reykjavík: Umboðsmaður barna og Háskóli Íslands
- Þorbjörn Broddason, Kjartan Ólafsson og Sólveig Margrét Karlsdóttir. (2009). Ný börn og nýir miðlar á nýju árhúsum. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum X* (s. 253-262). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt 12. febrúar 2011 af <http://hdl.handle.net/1946/7595>

- Þóra Kristinsdóttir. (2000). „Að lesa ... list er góð“. Í Heimir Pálsson, Erna Árnadóttir, Guðmundur B. Kristmundsson og Ingibjörg B. Frímannsdóttir (ritnefnd), *Lestrarbókin okkar: Greinasafn um lestur og læsi* (s.185-198). Reykjavík: Íslenska lestrarfélagið.
- Þóroddur Bjarnason, Birgir Guðmundsson og Kjartan Ólafsson. (2010). Towards a digital adolescent society? : The social structure of the Icelandic adolescent blogosphere. *New Media & Society*. Sótt 3. febrúar 2011 af <http://nms.sagepub.com/content/early/2010/12/16/1461444810377918.full.pdf>
- Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson. (2003). Um úrtök og úrtaksaðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (s. 51-66). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.